

- LÖGREGLU -

MAÐURINN

3. tbl - 2006



Ritstjóri:
Páll Winkel



Ábyrgðarmaður:
Sveinn I. Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:
Páll Winkel
framkvæmdasjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri LL

Próförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
112 dagurinn 12. febrúar 2006.
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson



Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.ll.bsrb.is



Efnisyfirlit



Leiðtogafundurinn í Höfða 1986 4



Traust í garð lögreglumanna 10



Áherslur við umferðareftirlit 14



Lögreglan og ökuníðingar 16



Norræn sakamál 22



Nýskipun lögreglunnar 24

Íþróttir 28

Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Skrifid stuttar greinar „það er skoðun undirritaðs“
- ◆ Ekki lengra en um 3.000 slög.
- ◆ Forðist skammstafanir
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritnefnd/ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvor efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs leyft sé þess getið hvaðan það er fengið.

Formannshornid

Markmið nýrra lögreglulaga er að efla og styrkja lögregluna í landinu m.a. með því að sameina lögreglulíð, samhæfa og samræma vaktskipulag þar sem því verður við komið og auka samvinnu milli lögregluembættanna með sérstaka áherslu á skilvirkari rannsóknir sakamála. Um er að ræða einhverjar mestu breytingar sem lögreglan hefur gengið í gegnum á síðari tímum og ekki sjálfgefið að þær gangi hnökralaust fyrir sig. Formaður og framkvæmdastjóri LL hafa tekið virkan þátt í innleiðingarferlinu sem hefur almennt séð gengið mjög vel fyrir sig. Hugarfar lögreglumanna hefur ráðið þar miklu – vilji þeirra til breytinga og metnaður til að gera enn betur.

Breytt samfélagsmynd í nútímaþjóðfélagi gerir auknar kröfur til lögreglu, ný verkefni blasa við okkur og æ meiri þörf verður fyrir aukna sérþekkingu. Slík samfélagsþróun kallar á enn frekari nýliðun fagmenntaðra lögreglumanna og eflingu Lögregluskóla ríkisins. Skortur á fagmenntuðum lögglumönnum getur torvelað alla framþróun í lögreglu. Það ætti því að heyra sögunni til að ófaglærðir menn séu ráðnir til að gegna lögglustörfum, enda starfið vandasamara en svo



að því verði með öruggum hætti sinnt af öðrum en þeim sem hlotið hafa til þess menntun og hjálfun.

Landssamband lögglumanna hefur því beitt sér fyrir fjölgun nýnema í Löggluskóla ríkisins. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið nú í haust þegar ákveðið var að fjölga nýnemum um 50% fyrir næsta skólaár, jafnframt því sem starfsþjálfun lögglunema verður lengd í átta mánuði. Endanlegu markmiði er þó ekki náð með því einu heldur biður okkar krefjandi verkefni, áframhaldandi framþróun Löggluskóla ríkisins.

Landssamband lögglumanna óskar lögglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Sveinn Ingiberg Magnússon,
formaður

Ritstjórapistill

Svo virðist sem áróður síðustu missera í tengslum við vægar refsingar vegna ofbeldis í garð lögglu sé að skila sér. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur lýst því yfir að hann muni á yfirstandandi þingi leggja fram frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum sem felur í sér verulegar úrbætur á þessu sviði. Er það í takt við aðrar þær úrbætur sem hann hefur staðið fyrir á starfsumhverfi lögglumanna. Þá virðist manni sem dómaframkvæmd sé jafnframt að breytast og tekið sé harðar á þessum málaflökki í ákveðnum tilvikum. Má sem dæmi nefna tvo dóma er fallið hafa á síðustu mánuðum. Annars vegar var maður sakfelldur fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa hrækt á jakka lögglumanns. Afleiðingar voru engar en þrátt fyrir það var brotið talið falla undir 106. gr. laganna. Hins vegar var um að ræða dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem einstaklingur var sakfelldur fyrir brot gegn sömu grein með því að hafa veist að tveimur lögglumönnum með þeim afleiðingum að annar þeirra meiddist litillega á fingri. Þrátt fyrir að viðkomandi brotamað-

ur hafi ekki átt neinn sakaferil var hann dæmdur til mánaðar skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Dómurinn er jafnframt athyglisverður fyrir þær sakir að verulega hafði verið lagt að viðkomandi lögglumönnum að gera ekkert í málinu við upphaf þess.

Þessi þróun er LL talsvert ánægjuefni og ljóst að verði fyrirhugaðar lagabreytingatillögur dómsmálaráðherra að veruleika verður um að ræða mjög stórt skref í réttindabaráttu lögglumanna. Önnur atriði sem skipta miklu máli varðandi bætt starfsumhverfi lögglumanna eru jafnframt á döfinni. Má þar nefna metnaðarfullt starf við embætti ríkislögglustjóra þar sem unnið er að því að setja á fót áfallateymi sérfróðra aðila sem ætlað er að aðstoða lögglumenn í kjölfar erfiðra verkefna. Ýmis önnur verkefni eru annars á döfinni hjá LL en gerð verður grein fyrir þeim síðar.

Páll Winkel





Önundur Jónsson:

Leiðtogafundurinn í Höfða 1986

Út um gluggana á Höfða mátti alls staðar sjá sérsveitarmenn með riffla liggjandi upp á þökum tilbúna til varn- ar leiðtogunum.

Ef komið væri til mín í dag og mér sagt að ég ætti að vera innandyra þar sem fundur tveggja áhrifamestu og valdamestu manna heimsins yrði og þar yrðu teknar einna mestu ákvarðanir heimssögunnar, mundi ég ráða mér einkaritari samstundis, alla vega fá mér smá kompu til að skrifa hjá mér punkta að eiga til framtíðar. Ég var inni á Höfða allan tímann sem leiðtogarnir voru þar og gott betur, en skráði ekki staf, man samt vel eftir hlutunum. En svona er þetta. Það er svo gott að vera vitur eftir á.

Það er margs að minnast frá vikunni fyrir leiðtogafundinn og þeim tveimur dögum sem hann stóð. Ég var starfandi rannsóknarlögreglumaður í almennri rannsóknardeild undir stjórn Gísla Björnssonar lögreglufulltrúa. William Thomas Möller, aðalfulltrúi lögreglustjóra, kom til Gísla og bað um leyfi til að fá undirritaðan að láni til að vinna að verkefnum fyrir þá sem voru að skipuleggja löggæsluna fyrir leiðtogafundinn. Auðvitað var það auðsótt mál. Gísli kom til

mín og sagði mér að fara á fund Williams. Fyrst var að útvega góð kort af Höfða og 1.000 metra radius þar í kring. Það vantaði bæði kort frá borginni og loftmyndir frá Landmælingum ríkisins. Ég útvegaði þau kort og myndir og lét plastu þau með plasti sem hægt var að skrifa á með töflutússi. Næst var að kanna með þá íbúa sem áttu heima í sjónmáli frá Höfða og gera skrá um þá. Síðan var gengið í húsin og rætt við íbúana, þeir máttu ekki vera heima þessa tvo daga. Í boði var Hótel Esja með öllu, mat og gistingu. Flestir þáðu það boð, en aðrir vildu bara fara til ættingja. Daginn fyrir fundinn var búið að útvega innsiglisborða frá RLR sem hentuðu vel til innsiglis á hurðum. Gengið var í öll hús og fólkið beðið um að yfirgefa íbúðirnar sem síðan voru vendilega innsiglaðar. Gengið var um öll hús umhverfis Höfða og innsiglað. T.d. voru allir gangar fyrirtækisins Heimilistækja innsiglaðir og endað á útidyrnum. Þarna mátti enginn vinna eða koma við dagana tvo. Að kvöldi föstudagsins kom William að máli við mig og sagði að ég ætti að mæta klukkan 06:00 í Höfða

og vera þar innandyrja, Jón Bjartmarz mundi segja mér hvert verkefni mitt yrði. Rétt fyrir klukkan 06:00 var ég mættur og fékk þá að vita að ég ætti að vera tengiliður rússneska liðsins og þess íslenska. Guðbrandur Sigurðsson var tengiliður þess bandaríska. Ég fékk viðeigandi merki í barminn sem sagði að ég væri óvopnaður öryggisvörður. Strax kom Rússi að máli við mig (ég kallaði hann Boris í huga mér, nafnið var svo flókið) og ávarpaði mig á rússnesku. Ég kann ekki stakt orð í máli þessu og bauð honum upp á enskuna, en hann var ekki til í samræður þar og kallaði á annan Rússa sem minnti mig óneitanlega á leiðtoga Tékkóslóvakíu frá 1968, Alexander Dubcek (og hét hann það í huga mér). En hann talaði þó ensku og hana nokkuð góða. Hann sýndi mér þann stað sem ég átti að vera á og þar ávallt tiltækur. Á hægri hönd, þegar komið er inn úr anddyrinu á Höfða, var lítið borð og á því var sími með beintengingu við skemmtiferðaskipið Baltika í Reykjavíkurböfn. Þessi sími var prófaður í tíma og ótíma. Vafalaust hefur herstjórn Rússanna verið þar með meiru. Boris kom aftur og aftur til mín og ávarpaði mig á rússnesku, var sannfærður um að ég mundi nú skripla á skötu og svara á móðurmálinu hans. En fákunnátta mín í málinu hélt áfram.

Þá hófst vinnan. Þorsteinn Hraundal var mættur á svæðið með hund sem hann var að þjálfa sem sprengjuleitarhund. Það átti að sprengjuleita Höfða frá kjallara og upp í ris og það var gert. Kanar, Rússar og Íslendingar tóku hvern stól, hvert borð og hvern sófa, sneru þeim við og leituðu saumnálaleit í þeim. Það varð að fara yfir hvern einasta hlut með fingurgómunum, leita í hverju skoti, hverri hirslu, skápum og skúffum, nefndu það, alls staðar var leitað. Tók leitinn tvo og hálfan tíma, með 10 til 12 manns.

Svo var að biða leiðtoganna. Öryggisverðir fóru eins og flugur um allt og skoðuðu og gerðu athugasemdir. Rússarnir voru greinilega mikið stressaðir. Kaninn aftur á móti afslappaði og gerðu öryggisverðir þaðan gaman að hlutunum. Það var að sjá eins konar þögla stresspennu á milli öryggisvarða stórveldanna. Í væntanlegu fundarherbergi leiðtoganna var að sjálfsgöðu líka leitað. Fyrir gluggann sem sneri til austurs var búið að setja tommu þykka stálplötu og gardínur fyrir. Ekkert nema gardínur voru fyrir glugganum sem sneri út á sjóinn enda varðskip þar með kanónuna í skotfæri.

Í miðjum sprengileitum komu leyniþjónustumenn auga á stórhættulegt hús. Það hús stóð og stendur við Laugavegin, á horninu vestan megin við Höfðatún, og var þá kennt við kratana. Efsta hæðin var í byggingu og plast fyrir gluggum. Þarna hefði verið kjörð tækifæri fyrir leyniskyttu að vera og því var heimt að að þar yrði lögreglumaður á vakt allan tímann á meðan fundað var. Þessum skilaboðum var komið á framfæri við forystusveit íslensku lögreglunnar. Út um gluggana á Höfða mátti alls staðar sjá sérsveitarmenn með rífla liggjandi upp á þökum tilbúna til varnar leiðtogunum.

Borgarstjórnin var mættur og beið leiðtoganna. Reagan hélt fyrsta fundinn og mætti því fyrir og beið eftir Gorbachev. Fréttamenn, aðallega ljósmyndarar, voru á pöllum fyrir framan Höfða og biðu. Þegar svo Gorbachev mætti fór Regan út á móti honum og þeir stilltu sér upp fyrir myndatöku. Á stéttina framan við dyrnar var búið að líma hvít spor sem sögðu leiðtogunum hvar þeir áttu að standa. Þegar myndatökum þar var lokið fóru þeir inn þar sem borgarstjórnin



tók formlega á móti þeim og ýmsar seremóníur voru hafðar í frammi. Þá fengu leiðtogarnir sér sæti á stólum og ljósmyndurum var hleypt inn. Allir áttu að vera með skilríkin uppi við og sýnileg. Það var búið að segja fréttamönnum skilmerkilega frá því. Boris stillti sér upp við útidyrnar í Höfða og passaði upp á að skilríkin væru til staðar. Það var kalt úti og menn reyndu að klæða sig almennilega. Einn ljósmyndarinn lenti í því að skilríki hans fóru inn undir úlpuna hjá honum. Það skipti engum togum að Boris greip fantataki í úlpuna hans og henti honum á bak aftur út í gegnum þvöguna, var ekki við það komandi að sá fengi að koma inn.

Gorbachev fylgdi ávallt stór ljóshærður náungi, heilmikið þrekinn. Hann vék aldrei frá honum nema rétt á meðan leiðtogarnir voru í fundarsalnum. Hann stóð grafkyrr, með frakka Gorbachev á hendinni og hattinn á fingrunum og hreyfði sig ekki þar. Hann stóð framan við klukkuna frægu í Höfða, sem stoppaði öllum að óvörum og olli miklu fjölmiðlafári í tengslum við Höfðadraugaganginn. Kannski klukkan hafi bara verið að sýna manningum samstöðu með því að vera grafkyrr eins og hann.

Á meðan leiðtogarnir funduðu stóðu ákveðnir lifverðir fastir á sínum stað, en aðrir voru á ferð og flugi um staðinn. Þeir fylgdust með að allt væri nákvæmlega eins og það átti að vera. Báðir leiðtogarnir höfðu eins konar leikstjóra (Kaninn hafði Donald Regan) sem sáu um að hlutirnir gengju. Mat og drykk fengu þeir báðir á sama tíma, frá sínum eigin þjónum, hvor úr sínu eldhúsinu.

Eftir fyrsta fund þeirra félaga var ég allt í einu orðinn „einn af þeim“, þ.e. Rússunum. Greinilegt var að Gorbachev lagði mikið upp úr því að heilsa sínum mönnum og var ég einn af þeim sem hann heilsaði og kvaddi eftir það með handabandi.

Þegar fundarhöldum leiðtoganna lauk fyrsta daginn fengum við Guðbrandur tvo lögreglumenn, einkennisklædda, til okkar sem áttu að leysa okkur af. Kaninn jánkadaði strax og heilsaði sínum nýja manni. Boris var sko ekki á því að fara að skipta út manni í miðri ver-tíð. „Nei takk, þú verður hér á meðan á fundarhöldum

Stórveldin takast í hendur

Gengið var í öll hús og fólkið beðið um að yfirgefa íbúðirnar sem síðan voru vendilega innsiglaðar. Gengið var um öll hús umhverfis Höfða og innsiglað. T.d. voru allir gangar fyrirtækisins Heimilistækja innsiglaðir og endað á útidyrnunum. Þarna mátti enginn vinna eða koma við dagana tvo.

*Eftir fyrsta fund
þeirra félaga var
ég allt í einu orðinn
„einn af þeim“, þ.e.
Rússunum. Greini-
legt var að Gor-
bachev lagði mikið
upp úr því að heilsa
sínun mönnum og
var ég einn af þeim
sem hann heilsaði
og kvaddi eftir það
með handabandi.*

*Ég tyllti mér gjarnan á tá og
studdi mig við húninn til að
fylgjast með því sem var að
gerast utan dyra og heimurinn
horfði á húninn hreyfast.*

vinnunefnda stendur í kvöld og áfram á morgun, við viljum engin mannabýtti.“ Þetta fékk minn afleysari að vita og yfirgaf þar með staðinn. Boris bauð mér þá inn í eldhúsið þeirra og þar fékk ég að borða af þeim krásnum sem þeir höfðu yfir að ráða.

Ekki hafði verið gert ráð fyrir nefndafundum um kvöldið, svo það varð að redda ritvélum og ljósritun-
arvélum í snarhasti og sprengjuleita þær áður en þær voru bornar í hús. Um nóttina röltum við Dubcek um Höfða og spjölluðum saman um land og þjóð. Boris var þá hættur að ávarpa mig á rússnesku.

Fundarmenn komu af og til fram til að rétta úr sér og spjölluðu þá við okkur. M.a. Shevardnate, utanrikisráðherra Rússa, George Shultz, utanrikisráðherra USA, Rozanne Ridgeway, aðstoðarutanrikisráðherra USA og Anatoly F. Dobrynin, yfirmaður alþjóðadeildar kommúnistaflokksins. Donald Regan gaf okkur eldspýtustokk frá forsetaembættinu og RR-nammi sem var MM-nammi, merkt Ronald Reagan. Ég sýndi Rússunum vinum mínum eldspýturnar. Þeir voru fljótir að rétta mér stokk „að heiman“ sem var stærri, með fleiri eldspýtum, og var Boris stoltur af.

Riflega 04:00 um nóttina var fundarhöldum lokið og mér leyft að fara heim. Boris ítrekaði við mig að ég ætti að vera kominn klukkan 06:00 í Höfða aftur og gaf mér tvær flöskur í nesti. Aðra appelsín en hina léttan bjór, hvort tveggja rússneska framleiðslu.

Ég fór í sturtu heima og var mættur rétt fyrir klukkan 06:00 í Höfða aftur. Þegar ég kom að húsinu var Boris mættur utandyra, heilsaði mér og bauð mér beint í rússneskan morgunverð. Síðan hófst biðin eftir leiðtogunum, en meðan á biðinni stóð var verið að svipast um eftir einhverjum hættum sem leiðtogunum gæti stafað ógn af.

Fundarhöldin eftir hádegis drógust talsvert á langinn. Ég sá í sjónvarpinu fyrir skömmu þar sem sagt var frá Ingva Hrafni fréttamanni og hurðarhúninum á Höfða. Húninn var ávallt á einhverri hreyfingu og í eitt skiptið var honum haldið niðri í nærri fimm mínútur. Ég held ég hafi skýringu á því. Það skyldi þó ekki hafa verið undirritaður, sem var í passlegri hæð til að styðja olnbogann á hurðarhúninum á meðan hann ræddi við Dubcek eða aðra sem þarna voru?



Lika notaði ég húninn til að lyfta mér upp svo ég sæi betur út um glugga hurðarinnar. Hver veit?

En svo kom að lokum fundanna. Síðla sunnudagsins, eftir að síðasti fundurinn hafði dregist mikið á langinn, klukkan stopp og þeir sem úti voru orðnir skítkaldir. Um leið og hurðin á fundarherberginu var opnuð ruku allir upp til handa og fóta og mikið pat varð. Fyrst ræddust leiðtogarnir við á meðan þeir gengu skref fyrir skref í átt að útidyrnunum. Ljósærði Rússinn klæddi Gorbachev í frakkann og rétti honum hattinn en Boris (leikstjóri Rússanna) sá um að opna útihurðina, hann réði hvenær Gorbachev fór út. Þessi síðasti fundur var „í boði Reagans“. Á sjónvarpsmyndum má sjá þegar Reagan kemur út úr Höfða að hann er með plastmöppu, fulla af skjólum, í hendinni. Þegar hann fer niður tröppurnar réttir hann Donald Regan möppuna, en um leið og hann kom aftur inn í Höfða, eftir að hafa kvatt Gorbachev, réttir Donald honum möppuna að nýju. Það var búið að setja stól á mitt gólfíð fyrir Reagan. Hann gekk að stólnum og kastaði möppunni af krafti í stólinn, svo að innihaldið tvístráðist út um allt. Hans menn voru fljótir til að umkringja hann, tína allt saman og róa manninn. Hann fór þá að skima út um gluggann og tók þá eftir öllum orangeklæddu mönnum standa út um allt. Þá sneri karlinn sér að undirrituðum og spurði hvort þetta væru mótmælendur. Hann var leiddur í allan sannleikann. Þetta væru sjálfboðaliðar og björgunarsveit í ofanálag við öryggisgæslu. „Hvar er heimavarnarliðið ykkar?“ spurði Reagan þá. „Ekki til,“ svaraði vinur Rússanna. Þegar svo Reagan spurði hvar mótmælendurnir væru, fékk hann þau svör að þá væri hvergi að sjá, líklega vegna góðrar gæslu björgunarsveitanna. Þá beindist athygli hans að Rauðarárvíkinni þar sem varðskipið var og spurði út í þennan „gunboat“. Þegar hann fékk að vita að varðskipið væri stærri byssubátur Íslendinga, undraðist hann mjög, en taldi okkur Íslendinga vera friðsama þjóð. Var því játt í snatri. Eftir þetta spjall ætlaði forsetinn að rjúka á dyr. En þar réði hann engu. Donald Regan réði öllu um ferðir hans. Hann skipaði Reagan í stólinn og fór að tala við sína menn í talstöðinni. Allt í einu kom skipun frá Donald – af stað. Það var eins og flugnabú hefði verið hrist, allir fóru af stað, gerðu eitthvað, en vel var leikurinn æfður. Út var stormað og beint í skothelda drekkann, ræða sem minnst við blaðamenn, það var skipun Donalds. Næst á eftir forsetabílnum var alltaf stór sendiferðabifreið. Um leið og Reagan kom út úr Höfða eða einkabílnum, opnaðist afturrúðan á honum og upp komu tvö byssuhlaup á stórum rifflum eða vélbyssum og á bak við voru fjórir menn sem skönnuðu svæðið með augunum. Og svo voru það þessir tveir öryggisverðir sem ávallt hlupu með bíl forsetans fyrstu metrana, til hvers eiginlega?

Já, þetta voru merkilegir dagar í Höfða, miklu merkilegri í dag en þeir voru á meðan ég upplifði þá. Það kom nefnilega í ljós að Reagan tpaði stjórnustríðinu sínu þarna og báðir leiðtogarnir flestum kjarnorkusprengjunum sínum. Við þessa slökun kalda stríðsins urðu mikil umskipti í heiminum. Þau merkilegustu fannst mér vera þegar stærstu pólitísku fangelsi sögunnar voru opnuð, austurblokkin féll og allt þetta fólk, sem hafði verið „lokað inni“, fékk frelsi.


Höfundur er yfirlögreluþjónn á Ísafirði.



Greinarhöfundur fyrir utan Höfða 20 árum síðar.

Um leið og Reagan kom út úr Höfða eða einkabílnum, opnaðist afturrúðan á honum og upp komu tvö byssuhlaup á stórum rifflum eða vélbyssum og á bak við voru fjórir menn sem skönnuðu svæðið með augunum. Og svo voru það þessir tveir öryggisverðir sem ávallt hlupu með bíl forsetans fyrstu metrana, til hvers eiginlega?





KÄRCHER

Heimilisryksugur

*Aflmiklar og hljóðlátar
Frábær hönnun*

A 2204 / A 2604

- Sjáur blautt og þurrt
- Einnig fyrir útblástu
- 18 / 25 ltr tænkur

VC 5200 / VC 5300

- Af: 1800/2000 w
- Hepa 12 sía
- Sérlega nett
- Hæðanstilling á röri
- 3,3 ltr poki

VC 6100 / VC 6200

- Af: 1800/2000 w
- HEPA 12 sía
- Hæðanstilling á röri
- Aukahlutur

Snúna dregst inn

Snúningshringur á legu snýst 360°

4 lítra flöskur

HEPA 12 sía hreinsar 99,95% óhræininda

Flýghlutur geymt í vél

RAFVER

SKEIFAN 3E-F · Sími 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS



Margprófaður fatnaður sem heldur á þér hita við
erfiðustu aðstæður sem hægt er að hugsa sér.

Þar á meðal í löngufriminútum.



Reykjavík: Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12
Garðabær: Miðhraun 11 Akureyri: Glerárgata 32
Keflavík: Loifstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.com

Klæddu þig vel





Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra:

Traust í garð lögreglumanna

Um næstu áramót verða miklar breytingar á skipan lögreglumála. Stækkun lögregluumdæma hefur lengi verið á döfni, en það var ekki fyrir en 2. júní 2006, sem Alþingi samþykkti lög um að hrinda henni í framkvæmd.

Ég hef haft mikla ánægju af því að vinna að þessu máli síðan ég tók við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra vorið 2003. Ég hafði ekki verið lengi við störf, þegar fulltrúar Landssambands lögreglumanna komu á minni fund og lýstu áhuga sínum á breytingum í því skyni að stækka lögregluumdæmin. Haustið 2003 kynnti ég hugmyndir mínar um þetta efni á fundi sýslumanna og sagði jafnframt, að markmið mitt væri ekki að leggja niður sýslumannsembætti.

Ég átti þess einnig kost að ræða málið á fundi með forystumönnum lögreglumanna all staðar af landinu og fékk þar enn staðfestingu á viðtækum stuðningi í þeim hópi við það.

Reynsla mín af því að hrinda breytingum af þessu tagi í framkvæmd hafði kennt mér, að það tækist aðeins, ef hið hæfasta fólk kæmi að því. Tvær nefndir unnu að málinu og voru báðar undir formennsku Stefáns Eiríkssonar, skrifstofustjóra í dóms- og

kirkjumálaráðuneytinu, en ég skipaði hann síðan lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2006, eftir að Alþingi hafði samþykkt tillögurnar um breytingar. Þau Skúli Magnússon héraðsdómari og Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri voru með Stefáni í fyrri nefndinni, verkefnisstjórn, sem skrifaði gagnmerka skýrslu um málið. Síðan komu þeir Óskar Bjartmarz, þáverandi formaður Landssambands lögreglumanna, og Kjartan Þorkelsson, sýslumaður á Hvolsvelli, að verkinu með Stefáni í framkvæmdanefnd, sem ég skipaði til að vinna úr tillögum verkefnisstjórnarinnar. Þeir fóru um land allt og efndu til funda til að kynna málið og kynnast viðhorfum lögreglumanna, sveitarstjórnarmanna og annarra, sem létu sig breytingarnar varða. Við svo búið tók ég ákvörðun mína snemma árs 2006, lagði hana fyrir ríkisstjórn og síðan Alþingi sem frumvarp til laga.

Lögregluskóli ríkisins gaf mér tækifæri til að ræða viðfangsefnið og lýsa breytingaferlinu í fyrirlestri í stjórnunarnámi skólans. Í raun er ómetanlegt fyrir þá, sem eru að vinna að breytingum, hvort sem er innan stjórnýslunnar eða á öðrum vettvangi, að eiga þess kost að varpa hugmyndum fram til fræðilegrar umræðu og átta sig á viðbrögðum, áður en teknar eru

ákvarðanir. Það leiðir meðal annars í ljós yfir hvaða þróskulda er nauðsynlegt að komast, svo að unnt sé að ná takmarkinu. Í ferlinu sannfærðist ég um, að rétt var að skilja á milli þess að fækka sýslumönnum og stækka lögreglumdæmin. Ég vann einnig að því á sama tíma að finna leiðir til að fjölga verkefnum sýslumanna og kynnti hugmyndir um það efni og er þær meðal annars að finna í frumvarpi til laga, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Stærsta einstaka verkefnið hefur verið að stofna Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar hjá sýslumannsembættinu á Blönduósi og er það nú í höfn.

Hér er ekki ætlun mín að rekja einstaka þætti þessara breytinga. Ég minnst þess af fundi mínum með forystumönnum lögreglumanna, að einn fundarmanna utan af landi hafði á orði, að þar teldu menn ekki ástæðu til að vinna að stækkun umdæma, ef ekkert ætti að gera á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kunnugt er verður eitt lögreglulið á höfuðborgarsvæðinu og hefur markvisst verið unnið að því að undirbúa sameininguna undanfarna mánuði. Skipan yfirstjórnar hefur verið ákveðin og skipurit hefur verið kynnt.

Í lögunum, sem samþykkt voru 2. júní 2006, er að finna ákvæði um fleiri breytingar en á lögreglumdæmunum. Sú grein frumvarpsins, sem vakti mestar umræður, snerist um greiningardeild ríkislögreglustjóra og þá auknu áherslu, sem lögð er á greiningu og mat á áhættu með lögunum. Eftir að frumvarpið varð að lögum og eftir að ég kynnti skýrslu sérfræðinga ráðherraráðs Evrópusambandsins í hryðjuverkavörnum um slíkar varnir hér á landi, hefur verið unnið að því undir forystu ríkislögreglustjóra að endurskipuleggja embætti hans með þessar nýju áherslur á greiningu og áhættumat að leiðarljósi.

Skýrsla með tillögum nefndar undir formennsku ríkislögreglustjóra um þetta efni var kynnt snemma í október og fellur hún í senn að framkvæmd laganna frá 2. júní, skýrslu sérfræðinga Evrópusambandsins og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 í tilefni af brottför varnarliðsins, en þar var lögð áhersla á samstarf íslenskra stofnana við erlendar stofnanir um skipti á trúnaðarupplýsingum um öryggismál.

Hjá ríkislögreglustjóra hefur verið unnið að skipulagsbreytingum í samræmi við nýju lög, auk þess sem tekið er mið af nýrri úttekki ríkisendurskoðunar á embættinu. Tillögur að þessum breytingum hafa verið kynntar mér og embættismönnum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þær munu ekki síður setja svip á framtíðarstarf lögreglunnar en stækkun umdæmanna.

Tillögurnar snúast meðal annars um að færa aukin verkefni frá ráðuneytinu til embættis ríkislögreglustjóra. Í því sambandi skiptir miklu, að gerður verði árangursstjórnunarsamningur við embættið, auk þess sem kynnt verði löggæsluáætlun en um hana var meðal annars fjallað í skýrslu verkefnisstjórnarinnar um nýskipan lögreglumála. Að þessum málum er nú unnið.

Landssamband lögreglumanna hefur lagt ríka áherslu á það undanfarið, að unnið verði að öryggi lögreglumanna. Um þetta mál var rætt utan dagskrár á Alþingi hinn 1. nóvember, þegar Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, vakti máls á umræðum um vopnaburð lögreglumanna. Í ræðu minni af þessu tilefni sagði ég:

„Landssamband lögreglumanna vakti athygli dómsmálaráðuneytisins á því í lok síðasta árs að meðferð



og úrvinnsla mála er varðar hótanir og ofbeldi gegn lögreglumönnum væri ekki í nógu góðum farvegi og var m.a. vísað til þess að ákveðins þekkingarleysis og áhugaleysis gætti við meðferð slíkra mála.

Þá hefur embætti ríkislögreglustjóra komið að vinnu vegna starfsumhverfis lögreglumanna. Þar á meðal unnið að úttekki á rannsóknum lögreglu vegna meintra brota gegn 106. gr. almennra hegningarlaga, unnið að gerð tillagna um skipuleg viðbrögð við alvarlegum áföllum sem lögreglumenn verða fyrir í starfi og lýst viðhorfum sínum til 106. gr. almennra hegningarlaga og mála er varða mótþróa við handtökuaðgerðir.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á undanförmum mánuðum unnið að samantekt um lagaumhverfi þessara brota og litið m.a. til réttarumhverfis í Danmörku og Noregi í vinnu sinni. Hefur samantekt ráðuneytisins þar sem lýst er tillögum til úrbóta verið send refsiréttarnefnd sem nú fjallar um 106. gr. almennra hegningarlaga með það að markmiði að vinna að gerð frumvarps til breytinga á ákvæðinu.

Helstu tillögur til úrbóta að því er varðar lögreglumenn sérstaklega felast í því að hækka refsiramma 1. mgr. 106. gr. ef brot gegn greininni beinist að opinberum starfsmanni sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar. Í slíkum tilfellum megi beita fangelsi allt að átta árum í stað sex ára hámarks eins og ákvæðið er nú úr garði gert. Þá felast tillögur til úrbóta jafnframt í því að skýra nánar framsetningu 2. mgr. 106. gr. á þann veg að sá sem tálmar því á annan hátt að lögreglumaður gegni skyldustörfum sínum skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þá tel ég einnig koma til greina að skipaður verði

Frá orðuafhengingu á þingi LL í maí 2006.



Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ásamt lögreglumönnum sem heiðraðir voru fyrir björgunaraðferð. F.v. Eiríkur Stefán Einarsson, Friðrik Brynjarsson, Arnór Eyþórsson og Bogi Sigvaldason. Ljósmyndari: Júlíus Sigurjónsson

starfshópur fulltrúa ráðuneytisins, ákærvaldsins, ríkislögreglustjóra, Landssambands lögreglumanna og eftir atvikum fulltrúa úr röðum tollvarða og fanga- varða sem vinna að gerð tillagna að verklagsreglum um rannsókn og meðferð mála þar sem grunur leikur á að opinber starfsmaður sem heimild hefur að lögum til líkamlegrar valdbeitingar hafi sætt broti gegn 106. gr. almennra hegningarlaga.

Það hefur lengi verið ríkjandi stefna íslensku lögreglunnar að lögreglumenn séu óvopnaðir við almenn lög- gæslustörf og hefur engin breyting orðið á þeirri stefnu þrátt fyrir vaxandi fjölmiðlaumræðu um alvarleg mál

þar sem lögregla hefur þurft að yfirbuga vopnaða einstaklinga. Það er skoðun mín að ekki sé ástæða til að hverfa frá þeirri meginstefnu að hin almenna lögregla í landinu sé óvopnuð við dagleg störf. Þessi mál eru reglulega til umræðu hjá lögregluþingvöldum enda mikilvægt að lögreglan sé sjálf lykilþátttakandi í um- ræðunni þar sem um starfsöryggi lögreglumanna er að ræða.

Ég tel það mun betri kost að leggja áfram auknar áherslur á uppbyggingu sérsveitar lögreglunnar, en á undanföllum árum hefur sérsveitarmönnum verið fjölgað ásamt því sem markvisst hefur verið hugað að þjálfun sérsveitarmanna. Hefur verið unnið að upp- byggingu sérsveitarinnar í góðri sátt við helstu hags- munaaðila. Sérsveitin hefur verið eflað á síðustu þremur árum. Frá 1. nóvember eru um 45 menn í henni, þar af 36 á höfuðborgarsvæðinu, fjórir á Akureyri og fimm á Suðurnesjum. Sérsveitin hefur frá 1992 haft vopnabún- að með í útkallsbifreið.

Vegna fámennis í sérsveitinni var áður fyrir ekki alltaf unnt að tryggja að sérsveitarmenn væru á vakt en nú hefur verið bætt úr því þannig að ávallt eru að lágmarki tveir sérsveitarmenn á vakt allan sólarhringinn.

Sérsveitin var stofnuð árið 1982 og fram til 1992 kom iðulega til þess að ræsa þurfti út alla sveitina vegna vopnamála. Árið 1992 var því fyrirkomulagi breytt í þá veru að sérsveitin mannaði útkallsbifreið á vöktum sem leiddi til þess að oft tókst að leysa mál á frum- stigi án þess að kæmi til allsherjarútkalls sveitarinnar. Engin breyting hefur orðið á eðli starfa sérsveitarinnar frá 1992.

Með fjölgun sérsveitarmanna hefur hins vegar verið tryggt að ávallt séu sérsveitarmenn til staðar. Auk þess tryggir fjölgunin viðbúnað sérsveitarinnar til að takast á við stærstu verkefni. Vegna fjölgunarinnar geta verið allt að 12 sérsveitarmenn á vakt á næturvöktum um helgar.

Sérsveitin gerir út útkallsbifreiðir frá höfuðborg- arsvæðinu og nær eftirlitssvæðið til Keflavíkur, Selfoss og Borgarness. Þá eru gerðar út útkallsbifreiðir frá Akureyri og Keflavíkurflugvelli. FjarSKIPTAMIÐSTÖÐ lögreglu stýrir útkallsliðinu til starfa þar sem þörfin er mest hverju sinni. Sérsveitin er þannig hreyfanlegur liðsstyrkur lögreglunnar sem er óbundin af umdæma- mörkum. Þá er fyrirvaralaust hægt að senda sérsveit- armenn um allt land þegar á þarf að halda.“





Umræður á Alþingi um lögreglumálin þennan dag voru á allt annan veg en til dæmis í mars árið 2004, þegar rætt var um eflingu sérsveitar lögreglunnar og menn töldu þær ráðstafanir greinlega staðfestingu á einhverri þráhyggju hjá mér, sem miðaði að því að koma á lagginnar íslenskum her eða vegna þess að ég hefði horft á of margar kvikmyndir með Bruce Willis!

Þingmenn eru ekki lengur að fjargviðrast yfir því, að sérsveitin hafi verið efl. Í hópi ræðumanna 1. nóvember var að vísu einn ungur varaþingmaður, sem taldi það til marks um óþarfa vígvæðingu lögreglunnar, að hún hefði aðgang að vopnum. Af því tilefni minnti ég á það í seinni ræðu minni, að alveg frá fyrstu tíð hefðu íslenskir lögreglumenn haft aðgang að vopnum. Þeir hefðu æft skotfimi og verið þjálfaðir í meðferð skotvopna. Í lögrelustöðvum ættu menn að hafa aðgang að vopnum og þeim búnaði, sem nauðsynlegur væri til að gæta síns öryggis. Það væri algjör misskilningur og fáfræði að láta eins og Alþingi hefði ekki áður rætt um vopnabúnað lögreglumanna. Það væri ekki verið að vígvæða lögregluna. Það væri verið að tryggja öryggi lögreglunnar og tryggja öryggi borgaranna.

Það gæti orðið forvitnilegt rannsóknarefni að kanna breytingar á viðhorfum þingmanna til lögreglumála undanfarin ár og ekki sist til greiningardeildarinnar á vorþinginu 2006. Þar geta menn áttað sig á því, hvernig fordómar breytast í skilning með umræðum og fræðslu. Ég er viss um, að hið sama gerist í umræðum um öryggis- og greiningarþjónustu innan embættis ríkislögrelustjóra. Það er sjálfstæða deild, sem lúti eftirliti nefndar alþingismanna, eins og lagt er til í nefndarskýrslu ríkislögrelustjóra og kynnt hefur verið.

Þegar öryggis- og greiningarþjónustan hefur verið stofnuð, verður hér til sambærilegt opinbert öryggiskerfi á vegum lögreglu og yfirvalda hennar og er við lýði í öðrum löndum. Þá verður einnig búið þannig um hnúta, að íslenska ríkið ræður yfir þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi borgaranna.

Ég er stoltur yfir að hafa sætt gagnrýni fyrir að vinna því pólitískt brautargengi, að greiningarþátturinn í starfi lögreglunnar sé eflur. Þegar fram líða stundir, munu menn undrast, að þetta hafi ekki verið gert fyrr. Nú virðist andstaðan á pólitískum vettvangi byggjast á því, að ekki hafi verið sagt nægilega mikið um hleranir lögreglu fyrr á árum. Ég skil ekki þessa andstöðu í ljósi þess, að með þeim hugmyndum, sem hafa verið kynntar, er tekið af skarið um lýðræðislegt eftirlit. Eiga sagnfræðileg úrlausnarefni að koma í veg fyrir, að búið sé í haginn fyrir framtíðina? Er það ekki einmitt lærdómurinn, sem unnt er að draga af fortíðinni í þessu efni, að lýðræðislegt eftirlit sé nauðsynlegt samhliða því, sem allar lögheimildir séu skýrar?

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka Landssambandi lögreglumanna, stjórn þess, framkvæmdastjóra og félagsmönnum öllum gott samstarf á liðnum árum og þá virðingu, sem mér var sýnd með því að vera sæmdur gullmerki landssambandsins. Ég met gullmerkið mikils og lít á það sem viðurkenningu á því, að lögreglumönnum hafi þótt tímabært að rætt yrði um ábyrgðarmikil störf þeirra af virðingu og festu á stjórnmalavettvangi og ekki látið undan þeim, sem vilja frekar ala á tortryggni en trausti í slíkum umræðum.

Höfundur er dóms- kirkjumálaráðherra.

Helstu áhersluatriði, skipulag og yfirstjórn nýs embættis kynnt á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu. Ljósmyndari: Júlíus Sigurjónsson

Áherslur við umferðareftirlit



Mikið hefur verið rætt og ritað um hin skelfilegu umferðarslys sem átt hafa sér stað síðustu mánuði. Þegar þetta er skrifað hafa 20 einstaklingar látist í umferðinni það sem af er árinu. Eðlilegt er að stjórnvöld og aðrir velti fyrir sér hvað hægt sé að gera til að fækka dauðaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferð. Í septembermánuði stóðu samgönguyfirvöld fyrir herferð þar sem vekja átti öikumenn til umhugsunar um stöðu mála. Fjöldi borgara setti kennitölu sína á undirskrifalista þar sem viðkomandi kennitölugjafar lofuðu að hegða sér vel í umferðinni eftirleidis og hvetja ástvini til þess sama.

Landssamband lögreglumanna hefur fylgst vel með hvernig umferðareftirlit hefur þróast síðustu ár. Árið 2004 færðust umferðarmál frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytis. Ráðstöfun fjármuna til þessa málaflokks færðist þá eðlilega til samgönguráðuneytis. Fyrir þann tíma var starfrækt sérstök umferðardeild við embætti ríkislögreglustjóra þar sem tiltekinn

fjöldi lögreglumanna hafði það hlutverk að skilgreina og meta þörf á eftirliti en allt árið um kring var sú deild að störfum um allt land.

Stór hluti verkefna lögreglu felst í umferðareftirliti og er því sinnt eins vel og kostur er hverju sinni. Við framkvæmd slíkrar vinnu er sýnileiki lögreglu einnig mikill sem vissulega hefur forvarnargildi.

Síðastliðin tvö ár hefur samgönguyfirvöldum þótt ástæða til að bæta umferðareftirlit á vegum landsins á tilteknum álagstímum yfir sumarmánuðina. Er það vel. Þegar skoðuð er heildarmyndin í tengslum við þá framkvæmd og aðrar tilraunir til að bæta umferðarlöggæslu er ljóst að niðurstaðan hefur ekki að öllu leyti verið eins og best verður á kosið. Af ýmsu er að taka en látið verður nægja að nefna tvö atriði til rökstuðnings.

Í fyrsta lagi riftu samgönguyfirvöld árið 2004 samningi við embætti ríkislögreglustjóra sem fól í sér samstarf lögreglu og starfsmanna Vegagerðar við

„starfsmönnum Vegagerðar var veitt afar afmarkað starfssvið á sviði umferðareftirlits. Í stað almenns og vídtæks eftirlits áður komu bifreiðar merktar Vegagerð sem höfðu mjög afmörkuð verkefni við umferðareftirlit. Niðurstaða þessa er því skýr. Verulega dró úr sýnilegri löggæslu þessa hóps manna sem áður hafði heimildir til almenns eftirlits með umferð á merktum lögreglubifreiðum.“





umferðareftirlit. Eftirlit þetta var mjög vel heppnað og margþætt enda gat handhafi lögregluvalds (lögregluáðurinn) haft öll þau afskipti af umferð sem nauðsynleg þóttu við eftirlitið. Eftirlitið var jafnframt framkvæmt með merktri lögreglubifreið sem vissulega dró úr hraða og jók sýnileika lögreglu. Tekið skal fram að annað af meginmarkmiðum með þeim breytingum á uppbyggingu lögreglu í landinu sem nú stendur yfir er einmitt að auka sýnilega löggæslu. Í framhaldi riftunar samningsins lagði samgönguráðherra fram drög að breytingum á umferðarlögum þar sem m.a. var lagt til að starfsmönnum Vegagerðar yrði veitt lögregluvald á ýmsum sviðum er tengjast eftirliti með umferð. LL mótmælti þessum breytinga-tillögum enda ekki í samræmi við lögreglulög né lög um meðferð opinberra mála og varð niðurstaðan sú að starfsmönnum Vegagerðar var veitt afar afmarkað starfssvið á sviði umferðareftirlits. Í stað almenns og víðtæks eftirlits áður komu bifreiðar merktar Vegagerð sem höfðu mjög afmörkuð verkefni við umferðareftirlit. Niðurstaða þessa er því skýr. Verulega dró úr sýnilegri löggæslu þessa hóps manna sem áður hafði heimildir til almenns eftirlits með umferð á merktum lögreglubifreiðum.

Í öðru lagi hefur samgönguráðuneytið ákveðið að færa ákveðnum lögregluembættum fjárhæð árlega til að efla eftirlit á vegum landsins, tímabundið, en það var jafnframt gert að skilyrði að aðeins einn lögregluáður sinni eftirlitinu í hverjum bíl. Vissulega er ávallt gott fyrir lögregluembætti landsins að fá aukid fjármagn til sín. Hins vegar liggur fyrir að flókið og erfitt getur reynst að framkvæma þetta aukna eftirlit. Hvert og eitt lögregluembætti hefur tiltekinn fjölda stöðugilda sem miðast við löggæsluþörf og fjárfraðlög ríkisins til lengri tíma. Því liggur fyrir

að við skipulag og uppbyggingu lögreglu í hverju byggðarlagi er ekki gert ráð fyrir að tiltekinn fjöldi lögreglumanna „liggi í dvala“ og komi til starfa þegar tímabundin innspýting berst frá samgönguyfirvöldum. Því hafa lögreglumenn reynt að sinna þessu eftirliti með mikilli yfirvinnu og því miður þurft að sinna eftirlitinu stakir í bifreið en það er vitaskuld í ósamræmi við óskir lögreglumanna og dregur úr öryggi þeirra við störf. Sé raunverulegur vilji til að bæta og auka umferðarlöggæslu væri mun heillavænlegra að skipuleggja fjárfraðlög til starfseminnar heildrænt og bæta við stöðugildum þannig að lögreglustjórar geti á faglegan hátt skipulagt aukna löggæslu til lengri tíma. Þá er ljóst að staðbundin þekking á löggæsluþörf er hjá viðkomandi lögregluembætti og því væri unnt að skipuleggja löggæslu og nýta fjármuni betur með þeim hætti.

Hafi samgönguyfirvöld áhyggjur af því að einstök lögregluembætti muni ekki verja tilskildu fé og mannafla í umferðareftirlit væri þeim í lófa lagið að eynamerka fé sérstaklega til þessa málaflokks. Að mati undirritaðs bendir hins vegar ekkert til að lögreglustjórar sjái ástæðu til að draga úr umferðareftirliti enda sameiginlegt markmið allra landsmanna að bæta umferðarmenningu og draga úr alvarlegum slysum á vegum landsins. Afar ólíklegt er að tímabundin innspýting fjár til umferðareftirlits, undirskriftalistar, flutningur lögregluvalds til ófaglærðra stétta og niðurlagning umferðardeildar á landsvísi við embætti ríkislögreglustjóra séu réttu aðferðirnar í þeirri baráttu.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna.

Sé raunverulegur vilji til að bæta og auka umferðarlöggæslu væri mun heillavænlegra að skipuleggja fjárfraðlög til starfseminnar heildrænt og bæta við stöðugildum þannig að lögreglustjórar geti á faglegan hátt skipulagt aukna löggæslu til lengri tíma.

Gylfi Thorlacius:

Lögreglan og ökuníðingar

Í nóvember á síðasta ári gekk í Hæstarétti dómur í máli nr. 229/2005, ákærvaldið gegn X lögreglumanni.

Málavextir voru þeir að um hvítasunnuhelgina 2004, aðfaranótt 31. maí, höfðu lögreglumenn í tveimur lögreglubifreiðum veitt tveimur bifhjólum eftirför um borgina og Seltjarnarnes en hraði hjólanna mældist allt að 129 km á klst. Var hjólunum m.a. veitt eftirför eftir Sæbraut og Kalkofnsvegi þar sem þeim var ekið gegn rauðu ljósi. Á Vesturströnd tókst að stöðva akstur annars hjólsins en ökumaður hins hjólsins komst undan.

Skömmu síðar urðu lögreglumenn aftur varir við ferðir bifhjólsins á Nesvegi/Ægisíðu, þar sem því var ekið eftir götunni í austurátt.

Gerði ákærði, ökumaður annarrar lögreglubifreiðarinnar sem kom úr gagnstæðri átt á Ægisíðu, tilraun til að stöðva hinn glæfralega akstur þess með því að aka sjálfur örlítið yfir miðlinu götunnar og gefa þannig ökumanninum ótvírætt til kynna að honum bæri að stöðva.



Viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar voru blikkandi og var bifreiðin nær kyrrstæð samkvæmt ökuferlisskrá þegar bifhjólið skall fram- an á henni en ökumaður hjólsins hafði þá misst stjórn á því.

Hæstiréttur mildaði dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í mars sama ár

og varð niðurstaðan sú að ákvörðun refsingar ákærða var frestað og hún fellur niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð. Skaðabótakröfu ökumanns hjólsins var vísað frá dómi enda var hún talin vanreifðuð.

Héraðsdómur hafði hins vegar dæmt lögreglumanninn í 200.000 kr. sekt og til greiðslu 195.000. kr. í skaðabætur.

Ákært var fyrir brot á eftirfarandi lagagreinum: 132. gr. l. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt ákæru var X ákærður fyrir brot í opinberu starfi og umferðarlagabrot með því að hafa þegar hann ók lögreglubifreiðinni ekki



gætt lögmætra aðferða í lögregluáðgerð sem beindist gegn of hröðum akstri ökumanns bifhjólans er hann stýrði bifreiðinni inn á miðju akbrautarinnar til þess að reyna að stöðva eða hindra akstur bifhjólans með þeim afleiðingum að hjólið hafnaði framan á bifreiðinni sem þá var að hluta til á röngum vegarhelmingi. Hlaut ökumaður bifhjólans nokkur meiðsl við áreksturinn og bæði ökutækin skemmdust mikið að því er segir í ákæru.

Við vörn málsins var byggt á því að ákærða hefði verið heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga á grundvelli þeirra reglna sem á þeim tíma giltu um neyðarakstur. Þá var því einnig haldið fram að ekki hefði verið sannað í málinu að ákærði hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi, athafnir hans og framkoma umræddan dag hefði verið í samræmi við þær venjuhelguðu vinnureglur sem mótaðar hafa verið í starfi lögreglumanna um áratuga skeið. Skýrsla ríkislögreglustjóra um stefnumótun og verklagsreglur um stöðvun ökutækja feli ekki í sér tæmandi verklagsreglur um hvernig stöðva skuli ólögmætan akstur.

Þar kæmi þó fram að ekki sé sjálfgefið að ökumaður sem veitt hefur verið eftirför hætti ofsakstri þó að lögregla hætti eftirför, því þurfi að meta í hverju tilviki hvort hægt sé með lokun akbrautar eða hluta vegar að vernda aðra umferð í stað þess að veita eftirför.

Enn fremur var á því byggt að ákærði hefði þurft að meta í mikilli skyndingu hvaða aðgerða væri rétt að grípa til. Mat hans hefði verið það að honum bæri skylda til að hindra ökumann bifhjólans í að fremja frekari brot enda hefði bifhjólið þegar ekið á margföldum hámarks hraða víða um borgina og stefnt til miðborgar Reykjavíkur þar sem stórkostleg hættu stafaði af akstri hans. Atvik þetta hefði átt sér stað á annan dag hvítasunnunnar þegar mikil umferð var í bænum og hefði lögreglumaðurinn talið það ótvíráða skyldu sína að vernda borgarana gegn ofsakstri mannsins. Hann hefði gætt þess vandlega að ökumaður bifhjólans hefði nægilegt pláss til að aka fram hjá bifreiðinni á hvorum vegarhelmingi sem hann hefði kosið.

Miðað við framsetningu ákærunnar og gögn þau sem lágu fyrir frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík tel ég að niðurstaða máls þessa sé ásættanleg. Það er mjög erfitt að halda uppi vörnum í máli þar sem sá sem setur vinnureglur heldur því fram að þær séu brotnar og leggur auk þess fram rangar fullyrðingar eins og t.d. þær að skemmdir á ökutæki hafi verið miklar. Staðreynd málsins var hins vegar sú að lögreglubifreiðin skemmdist nánast ekki neitt og samkvæmt yfirlýsingu Bifreiðamiðstöðvar ríkislögreglustjóra voru sjáanlegar skemmdir á bílnum sáralitlar og var bifreiðin komin í akstur samdægurs. Af áverkavottorðum liggur fyrir að meiðsl ökumanns hjólans voru minni háttar.

Það vekur furðu hve fast mál þetta var sótt af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík. Upprunaleg kæra hans til ríkissaksóknara á hendur lögreglumanninum, dags. 29. júní 2004, var endursend vegna galla.

Ekki var látið þar við sitja heldur var kærán



ítrokuð 12. júlí og í þeirri kæru reitt það hátt til höggs að brotið er ekki einungis talið varða við 132. og 138. gr. alm. hegningarlaga heldur einnig við 4. mgr. 220. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um fangelsisrefsingu allt að fjórum árum fyrir þann sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

Hvergi er hins vegar í þessu bréfi vikið að meintu umferðarlagabroti.

Við þetta bættist að varalögreglustjóri lagði það fyrir einn starfsmann sinn að rannsaka framangreint umferðaróhapp og var sú skýrsla merkt trúnaðarmál og send með fyrrgreindri kæru til ríkissaksóknara.

Tók það undirritaðan verjanda ákærða langan tíma að fá plagg þetta afhent en varalögreglustjóra á að vera það ljóst að samkvæmt skýrum fyrirmælum 35. gr. lögreglulaga á ríkissaksóknari að fara með rannsókn á meintum brotum lögreglumanns í starfi en ekki viðkomandi embætti.

Hvaða lærdóm geta lögreglumenn dregið af þessum dómi?

Það er ljóst að Hæstiréttur telur ekki heimilt í tilviki sem þessu að víkja frá 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Vaknar þá sú spurning á hvern hátt lögreglumenn eigi að gera ökumönnum sem koma úr gagnstæðri átt ljóst að þeim beri að stöðva ökutæki ef lögreglan þarf að hafa afskipti af þeim.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar eru engar skráðar verklagsreglur um þetta atriði og ekkert er um þetta fjallað í fyrrgreindri skýrslu útgefni af ríkislögreglustjóra í janúar árið 2000 sem ber yfirskriftina Stefnumótun og verklagsreglur um stöðvun ökutækja o.fl.

Í þessum verklagsreglum er ekki að finna skýr fyrirmæli um hvernig stöðva eigi ökutæki í almennu umferðarefirliti. Þar er rætt almennt um það hvernig lögreglumenn eigi að nálgast

ökutækin og haga störfum sínum á vettvangi en að mestu leyti fjalla þessar reglur um alvarlegri tilvik sem ástæðulaust er að rekja hér og einungis á einum stað er vikið að bifhjólum í reglum þessum.

Eftir því sem ég best veit hafa ekki verið settar fram nýjar leiðbeiningar til lögreglumanna í framhaldi af þessum dómi sem sýnist þó full þörf á.

Ég tel því að lögreglumönnum beri að sýna fyllstu varúð og nota ekki undanþáguheimild umferðarlaga nema í algerum neyðartilfellum. Þeir hljóta eftir þennan dóm að líta alvarlega til þess hvaða afleiðingar það geti haft fyrir þá sjálfa þegar þeir reyna að stöðva ökuníðinga. Á undanföllum mánuðum hefur mikið verið rætt um alvarleg umferðarslys vegna ofsaksturs og lögreglu jafnvel legið á hálsi fyrir slægt eftirlit.

Reyndir yfirmenn lögreglu sem þekkja vel til þessara mála hafa komið fram og rætt þetta vandamál á opinberum vettvangi. Rödd þeirra virkar hjáróma á þá sem þekkja til þegar litið er til þess hversu harkaleg viðbrögð einstakra yfirmanna lögreglunnar voru í þessu máli.

Ég hef um áratuga skeið unnið fyrir samtök lögreglumanna og komið að fjölda mála þar sem lögreglumenn hafa orðið fyrir kærnum vegna meints brots í starfi.

Sem betur fer hafa þessar kærur nær allar verið tilefnislausar og felldar niður og tel ég óhætt að fullyrða að eingöngu örfá mál hafi gengið til dómstóla.

Er það raunar með ólíkindum hve lögreglumenn standa sig vel í erfiðum störfum enda sýna skoðanakannanir hve mikils trausts lögreglan nýtur meðal almennings.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

Ólafur Örn Bragason:

Streita og lögreglustarfið

Í þriðja riti Lögreglumannsins árið 2005 birti María Hrönn Nikulásdóttir grein úr B.A.-verkefni sínu um áföll og starfsþrot meðal lögreglumanna. Þó að skilyrði fyrir greiningu áfallaröskunar sé alvarlegt áfall er hægt að finna fyrir streitu og álagi án þess að rekja megi það til tiltekins atviks. Erfiðleikar við að meðhöndla verkefni, erfið samskipti við vinnufélaga eða yfirmenn, óviðunandi starfsaðstaða eða of mikið vinnuálag eru dæmi um álag á starfsmenn. Slíkt álag er algengt í lögreglustarfinu en mikilvægt er hins vegar að átta sig á því að fólk er misjafnt og þar af leiðandi mis-varnarlaust gagnvart álagi og streitu sem það getur valdið.

Allt frá fimmta áratug síðustu aldar hefur streita í starfi hlotið verðskuldaða athygli, ekki síst vegna afleiðinga eins og minnkandi framleiðni starfsmanna, kostnaðar vegna veikinda og snemmbúinna starfsloka af heilsufarsástæðum. Við verðum að hafa það hugfast að þótt við getum ekki breytt öðrum þá getum við haft áhrif á okkur sjálf. Oft vantar okkur hins vegar tækin til og því hef ég tekið saman nokkur heilræði úr þeim gögnum sem ég hef undir höndum, m.a. frá Rauða krossi Íslands.



En þarf streita að hafa einhver áhrif á okkur?

Þegar við erum undir álagi í daglega lífinu er heilbriggt að sýna streituvíðbrögð og þurfa þau því ekki endilega að vera merki um veikleika eða veikindi. Viðbrögð fólks eru einstaklingsbundin og ekki eins í öllum tilvikum. Stundum erum við sterk og þá er álagið okkur einungis áskorun en á öðrum tímum miklum við allt fyrir okkur og þá getur smávægilegt álag orðið að verulegu vandamáli. Það er ekki til einhver algildur mælikvarði á aðstæður eða atburði sem valda álagi, hver og einn einstaklingur verður að segja sjálfur til um það. Hins vegar er það þekkt að fólk hefur áhyggjur af því hvað aðrir muni hugsa og segja um okkur ef við segjum hvað okkur býr í brjósti. Enda finnst okkur að fólk eigi að hafa stjórn á tilfinningum sínum og líkamlegum viðbrögðum.

Daglega stöndum við frammi fyrir ótal möguleikum, upplifum margvíslega lífsreynslu og til okkar eru gerðar kröfur sem eru annað hvort komnar frá okkur sjálfum eða öðrum. Ef kröfurnar verða of miklar,

of margar eða jafnvel of fábreyttar geta þær valdið okkur álagi. Þótt við höfum sjálf valið okkur tilteknar aðstæður geta þær samt valdið okkur álagi. Líkaminn er fljótur að verða var við óþægilegar aðstæður og lífsreynslu og sendir hann þá sjálfvirkt skilaboð eins og örari hjartslátt, hraðari öndun, óþægindi frá maga, þvalar hendur, svita, órólegar hreyfingar og óstyrka rödd. Ef við búum við þessar aðstæður áfram eða ef hugurinn er sífellt bundinn við hina óþægilegu lífsreynslu getur líkaminn sent frá sér merki eins og höfuðverk, stífa og auma vöðva, magaverk, niðurgang eða harðlifi og svefntruflanir. Þá fara kvef og flensa verr með okkur þegar við erum undir álagi og skap-sveiflur geta orðið verulegar. Við ihugum þá ekki orð okkar og lendum oftar í rifrildi, við verðum viðkvæmari fyrir gagnrýni og okkur gengur stundum illa að eiga samskipti við aðra þar sem við höfum ekki eins góða stjórn á okkur vegna álags.



Ólafur Örn Bragason

Þegar fólk lendir í þessum aðstæðum er oft auðveldast að reyna að flýja þær, en flótti getur verið ágæt leið í skamman tíma þar sem hann getur gefið ráðrúm til að safna kröftum og þannig auðveldað okkur að takast á við vandamálin síðar. Hins vegar getur flóttinn orðið að vana og þá hlaðast vandamálin upp í lífi manns. Margir kannast við flóttaleiðir eins og að tilkynna sig veikan á vinnustað, að deyfa sársaukann með því að neyta áfengis, borða, reykja eða taka lyf, einangra sig frá öðrum, að slá öllu upp í grín eða að sofa allt af sér.

Hvað getur maður gert ef streitumerki gera vart við sig?

Í fyrsta lagi er mikilvægt að taka skilaboð líkamans alvarlega og hlusta á tilfinningar sínar. Til að gera sér betur grein fyrir hugsunum sínum er gott að skrifa, teikna eða mála það sem átt hefur sér stað og tjá þannig tilfinningar sínar. Ef þér þykir eitthvað erfitt eða jafnvel óþægilegt getur þú leitað til annarra og beðið um aðstoð við að tala um það. Innan lögreglunnar, á spítölum og í byggingariðnaði er oft ríkjandi karl-mennskuleg menning sem ytir undir þau viðhorf að streita sé hluti af starfinu og að maður eigi að vera sterkur. Ef þetta er gert halda aðrir að þú komist auðveldlega yfir þetta ein(n). Því er mikilvægt að láta



Af vettvangi

Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Reykjavík

Afrek ehf, verktakar-vinnuvélar
Skógarási 10
Air care Icelandic-Erker Íslandi
Skeiðarvogi 37
Allar lagnir ehf
Æsufelli 5
Altex ehf (Margaretha)
Kringlunni 7
Arkóveiði ehf, veiðivörur
Krókhálsi 5g
Austursel ehf.
Höfðabakka 9
ÁF-hús ehf.
Stórhöfða 33
B.M. Vallá hf.
Bildshöfða 7
Bandalag háskólamanna
Borgartúni 6
Barnalæknabjónustan ehf.
Egilsstötu 3 Domus Med
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
Barry-rammi ehf
Seljavegi 2
Beyki ehf.
Tangarhöfða 11
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjórastofa Frami
Fellsmúla 24-26
Bilaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bilasmíðurrinn hf.
Bildshöfða 16
Bilfang ehf
Malarhöfða 2
Borgarhöllin - Fossaleyni 1
Fossaleyni 1
Borgarlagnir ehf
Gylfaliót 24-30
Brú Verktakar ehf
Bleikjukvísl 13
Búr ehf.
Bæjarliót 2
Carpe diem
Rauðarárstíg 18
Cyrus ehf.
Grandavegi 45
Dyngjandi ehf.
Skeifunni 3h
Dýraverndarsamband Íslands
Fjölrisvegi 16
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
ERF ehf
Rauðagerði 39
Farmur ehf. Flutningabjónusta
Flúðaseli 65
Fasteignafélagið Stöðir hf.
Kringlunni 8-12
Feró sf.
Steinaseli 6
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fjölgreiðslumiðlun hf
Mörkinni 1
Fraktlausnir ehf.
Skútuvogi 12e
Frjó hf.
Brúarvegi 2
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
Fræðslumiðstöð bílgreina
Gylfaliót 19
Fónix ehf
Hátúni 6a
G.G. Gunnar Guðmundsson hf.
Dugguvogi 2

G.S.K. ehf.
Laugavegi 46a, box 1737
Gagnaeyðing ehf.
Skútuvogi 13
Galleri Fold
Rauðarárstíg 14
Gerpir ehf.
Laugavegi 22
GG verk ehf
Glaðheimum 14
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glaubar ehf.
Tryggvagötu 20
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Fornhaga 22
Guðmundur Jónsson ehf.
Borgartúni 34
Gunnar Eggertsson hf.
Sundagörðum 6 box 4242
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Harley Davidson Íslandi ehf.
Grensásvegi 16
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Hekla hf.
Laugavegi 170-174
Hersir, ráðgjöf og bjónusta
Suðurlandsbraut 12
Heymartækni ehf
Álfheimum 74
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar Ingimundarsson hrl
Austurstræti 10a box 19
Hitastýring hf.
Þverholti 15a
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaliót 3
Hlað sf.
Bildshöfða 12
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Ármúla 38
Hlilla bátar, Ingólfstorgi
Pósthólf 1653
Hótel Vík
Síðumúla 19
Hrafnista D.A.S.
Laugarási
Hugver ehf.
Vitastíg 12
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Hýsing, vöruhótel
Skútuvogi 9
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9, 2.hæð
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Dunhaga 5
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9
J. Eiríksson ehf.
Tangarhöfða 5
Jarðvélar ehf
Síðumúla 28
Kantur ehf.
Vesturási 48
Kemis ehf.
Breiðhófða 15, box 9351
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Köruberg ehf.
Holtaseli 20
Landar ehf.
Grandagarði 81
Landssamband íslenskra
verzlunarmanna
Kringlunni 7
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37

Loftlinur ehf, jarðverktaki
Rauðhömrum 8
Lögreglustjórnin í Reykjavík
Hverfisgötu 113
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
MS Reykjavík
Bitrhálsi 1
Nesradió ehf.
Síðumúla 19
Nítró
Bildshöfða 9
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Oliufélagið ehf. - ESSO
Suðurlandsbraut 18
Orkuvirki ehf
Tunguhálsi 3
Pizza Rizzo pizzeria
Hraunbæ 121
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Pústþjónustan Ás ehf
Nóatúni 2
Rafíðnaðarskólinn ehf
Skeifunni 11b
Rauða torgið
Brautarholti 2
Reki hf.
Fiskislóð 57-59
Réttingamiðstöðin hf.
Eldshöfða 15
Ríkið myndbandaleiga og söluturn
Snorrabraut 56
Ríkislögreglustjórnin
Skúlagötu 21
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði
Bitrhálsi 2
Securitas hf
Síðumúla 23
Sesarvídeó
Grensásvegi 14
Shellstöðin Borgarnesi
Tryggvagötu 20 Bryggjuhús
Smíðabjónustan ehf.
Hyrjarhöfða 6
Spark ehf
Brautarholti 8
Spor ehf.
Guðrindarstíg 6-8
Sportbar
Jafnaseli 6
Sportvörugæðin hf.
Skipholti 5
Steingrímur Þormóðsson
Lögm. Árbæ
Nethyl 2
Stilling hf.
Kletthálsi 5
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffi ehf.
Laugavegi 54
Sveinsbakari ehf.
Arnabakka 4-6
Svissinn hjá Steina
Svarthömrum 29
Tollstjórnin í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Tollvarðafélag Íslands
Grettiögötu 89
Tryggingamiðstöðin
Aðalstræti 6-8
Túrbó ehf.
Lynghálsi 12
Urð og Grjót
Vesturási 58
Útanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Útfarastofa Íslands ehf.
Suðurhlíð 35
Útgerðarfélagið Frigg ehf
Tryggvagötu 11

Vagnar og bjónusta hf.
Tunguhálsi 10
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Brautarholti 16
VBS fjárfestingabanki hf
Suðurlandsbraut 18
Veidihúsið Sakka ehf.
Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaver hf.
Krókhálsi 16
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Bilshöfða 18
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Virtus
Höfðabakka 6
Vitabar
Langagerði 116
www.vatnasport.is
Grænlandsleið 15

Seltjarnarnes

Auðunn og Hafsteinn ehf.
Sævangörðum 4
Bæjarins bezta ehf
Bollagörðum 11
Vogar
Steinhreinsun ehf.
Aragerði 8

Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Bæjarind 4
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Átak ehf. - bilaleiga
Smíðjuvegi 1
Bifreiðastillingin ehf.
Smíðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar
Smíðjuvegi 40 rauð gata
Bifreiðaverkstæði
Friðriks Ólafssonar ehf.
Smíðjuvegi 22 - græn gata
Bifreiðaverkstæði Toppur
Skemmuvegi 34 Bleik gata
Bílar og tjón
Skemmuvegi 44m
Bílaaverkstæði Bubba sf.
Skemmuvegi 18 blá
Bílaaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smíðjuvegi 48 rauð
Bílaaverkstæði Auðbrekka
Auðbrekka 4
Bílaaverkstæði Skúffan ehf
Smíðjuvegi 11e, græn
Bilbro ehf.
Skemmuvegi 26
Biljofur ehf.
Smíðjuvegi 34
Bilstál ehf
Askalind 3
Bilvogur ehf.
Auðbrekka 17
Bláfugl
Hlíðasmára 15
Blikkás - Funi ehf.
Skemmuvegi 36 blái
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
DATEK-ÍSLAND ehf.
Smíðjuvegi 50
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17

aðra vita þegar manni líður illa og láta það eftir sér að þiggja meiri athygli og umhyggju. Þá er einnig mikilvægt að doka við, slaka á og sýna sjálfum sér umburðarlyndi. Mikilvægt er að reyna að halda notkun sinni á áfengi, tóbaki og lyfjum í skefjum þar sem neysla þessara efna getur aukið á streitueinkenni. Aftur á móti eru hreyfing og félagsskapur mikilvægir þættir þegar kemur að erfiðum tíma í lífi fólks.

Oft heyrst að fólk viti ekki alveg hvernig það eigi að hegða sér ef það grunar að vinnufélaga sínum líði illa. Samstarfsfélagar verða oft varir við breytingar í fari fólks sem þeir umgangast, t.d. breytt útlit eða breytta hegðun. Þó að einfaldast sé að láta eins og þú sjáir ekki breytingarnar er gott að leita ráða hjá öðrum ef maður veit ekki hvað skal gera. Mikilvægast er þó að nálgast einstaklinginn sjálfan því tal um annað fólk getur auðveldlega orðið að kjaftasögum um náungann.

Gott er að deila hugsunum sínum með þeim sem líður illa og segja upphátt hvað þú sérð, heyrir eða hefur á tilfinningunni og hvernig þú túlkar athafnir hans. Til dæmis getur þú sagt: ég hef á tilfinningunni að þér

líði ekki nógu vel. Er það eitthvað sem þú vilt tala um? Ef maður er heiðarlegur og einlægur býður það upp á nánari trúnað sem aftur eykur líkurnar á að viðkomandi þiggi aðstoð og treysti þér fyrir hugsunum sínum. Að sýna þolinmæði og nærgætni leggur grunn að trausti og veitir einstaklingnum öryggi. Samtöl eru mikilvægt hjálpartæki þar sem sá sem hjálpar þarf að geta hlustað af einlægni og áhuga á það sem sagt er. Til að hjálpa viðmælanda sínum að sjá aðstæður sínar í skýrara ljósi er mikilvægt að kunna að setja fram spurningar. Endurtaktu það sem þú hefur heyrt, það gefur skilaboð um að þú hafir skilið það sem sagt er eða kemur í veg fyrir misskilning. Ásamt þessu er mikilvægt að taka eftir látbragði þess sem hlustað er á og hafa hugfast að við tjáum okkur ekki eingöngu með orðum. Af þessu má sjá að hlustun og nærvera er mikilvægasti stuðningurinn sem hægt er að veita félaga sínum.

Höfundur er sálfræðingur og starfar á sviði 4 hjá ríkislögreglustjóra.

Ef maður er heiðarlegur og einlægur býður það upp á nánari trúnað sem aftur eykur líkurnar á að viðkomandi þiggi aðstoð og treysti þér fyrir hugsunum sínum.





Ný áhugaverð bók um norræn sakamál

Með því að lesa þessar frásagnir geta menn sameinað það að lesa góðar frásagnir af raunverulegum atburðum og jafnframt kynnst málum, rannsóknaraðferðum og erfiðleikum félaga sinna hérlendis og á hinum Norðurlöndunum.

Um þessar mundir kemur út sjötti árgangur og þar með sjötta bókin með norrænum sakamálum. Þessar bækur eru gefnar út af Íslenska lög-
regluforlaginu sem m.a. gefur út Ferðafélagann en honum er dreift yfir sumarmánuðina ár hvert auk margra fleiri bæklinga fyrir unga sem eldri sem eiga að stuðla að betri hegðun og löghlýðni, efla umferðaröryggi og styrkja betra mannlíf í landinu. Íslenska lög-
regluforlagið er hluti af lög-
regluförlögum annars staðar á Norðurlöndunum sem starfa í tengslum við íþróttasambönd þessara landa.

Í þessari bók eru fimm íslenskar frásagnir sem ég held að séu áhugaverðar og þess virði að gefa sér tíma til að lesa þær. Þær eru ólíkar bæði í efni og framsetningu. Það er frásögn af stóru fíkniefnamáli sem ekki er aðeins sérstakt vegna þess mikla magns af fíkniefnum sem þar er fjallað um að hafi verið flutt inn til Íslands heldur einnig af því að þetta mál var árangur af sérstöku samstarfi íslenskra og þýskra lög-
reglufirvalda sem bar svo góðan árangur. Þá er frásögn af manndrápsmáli og rannsókn þess lýst af tæknideildarmönnum í Reykjavík sem segja frá því hvernig sannleikurinn birtist þeim í blóðinu á vettvangi. Í þessari bók eru einnig frásagnir af tveimur öðrum manndrápsmálum sem hvort um sig er sérstakt, bæði vegna þess hvernig verknaðirnir eru framdir og einnig vegna þeirra aðila sem málin fjalla um. Annað þeirra segir frá því hvernig trúarbrögð og siðir sem okkur eru fjarlæg geta haft ótrúlega mikil áhrif á líf nútímabólks á Íslandi. Síðast en alls ekki síst er frásögn af máli um umhverfisbrot sem varð fyrsta málið á sínu sviði sem endaði með áfellisdomi. Þetta er skemmtileg og hlýleg frásögn sem mun falla öllum unnum íslenskrar náttúru vel í geð.

Það er ekki síður áhugavert að lesa frásagnirnar frá hinum Norðurlöndunum. Þær fjalla um margvísleg efni og engin þeirra er annarri lík. Margar þeirra eru

svo sérstakar að lesandinn hlýtur að hugsa með sér hvernig þetta geti eiginlega gerst. Það er líka mjög fróðlegt að lesa um erfiðleika lög-
reglumannanna og þrautseigju þeirra við að leysa þessi mál þótt það hafi í sumum tilfellum tekið fleiri ár.

Ég held að lög-
reglumenn megi ekki eingöngu líta á þessar frásagnir sem afþreyingu enda þótt þessi bók sé mjög góð sem slík. Það er einnig fróðlegt og lærdómsríkt fyrir lög-
reglumenn að lesa um það hvernig íslenskir og norrænir kollegar þeirra vinna og leysa málin, þótt sum þeirra séu ótrúlega erfið. Það hlýtur að vera uppörvandi fyrir alla lög-
reglumenn að kynnst því hvernig aðrir lög-
reglumenn með þolinmæði og faglegri hæfni safna saman vísbendingum og sönnunargögnum sem að lokum verða til þess að grunaðir brotamenn eru sakfelldir.

Mér finnst að allir lög-
reglumenn ættu að lesa þessar frásagnir í bókinni Norræn sakamál vegna þess að ég er viss um að allir lög-
reglumenn, hvar í lög-
reglu sem þeir starfa, hafa gagn af að kynnst störfum og baráttu kollega þeirra. Með því að lesa þessar frásagnir geta menn sameinað það að lesa góðar frásagnir af raunverulegum atburðum og jafnframt kynnst málum, rannsóknaraðferðum og erfiðleikum félaga sinna hérlendis og á hinum Norðurlöndunum.

Því ekki að lesa bókina Norræn sakamál og sameina góða afþreyingu því að verða á margan hátt fróðari um ýmislegt sem gæti gagnast í starfinu?

Þess skal að lokum getið að enn eru fáanlegar einhverjar bækur frá fyrri árum en þetta eru bækur sem sóma sér vel í hvaða bókaskáp sem er. Því má heldur ekki gleyma að hver sem kaupir þessa bók styrkir Lög-
regluforlagið til að gefa út fleiri góðar bækur fyrir lög-
reglumenn og aðra, auk þess að stuðla að auknum áróðri fyrir bættri umferðarmenningu og aukinni virðingu fyrir löggæslu og löghlýðni.

*Guðmundur Gígja, ritstjóri bókarinnar
Norræn sakamál 2006*

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Dráttarbilþjónustan Krókur ehf
Dalvegi 24
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
EPM ehf
Viðihvammí 9
Flugfélagið Ernir hf.
Birkigrund 4
Flutningur.is
Askalind 7
G.T. Óskarsson ehf.
Vesturvör 23
Goldfinger
Smiðjuvegi 14
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hagblíkk ehf.
Smiðjuvegi 4c box 281
Hemill
Skemmuvegi 12 blá
Innviðir -Valdberg ehf.
Smiðjuvegi 36
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Jón og Salvar ehf
Dalvegi 26
KB ráðgjöf
Hlíðasmára 17
Klæðning ehf.
Bæjarlind 4
Kynniferðir
Vesturvör 6
Köfunarþjónusta Árna Kópssonar
Bryggjuvör 1
Landvélur ehf.
Smiðjuvegi 66 rauð
Línur ehf.
Akralind 8
Lögmannsstofa Loga Egilssonar ehf
Hlíðasmára 8
Partasalan
Skemmuvegi 32 bleik gata
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ógurharvari 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Reykofninn hf.
Skemmuvegi 14 blei
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Dalvegi 16a
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
S. Guðjónsson ehf
Auðbrekku 9-11
Sala-grill
Rjúpnasölum 1
Sendibílastöð Kópavogs hf.
Skemmuvegi 50 brún
Sérverk ehf.
Akralind 6
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Stórahjalla 2
Steingrímur Steingrímsson
Viðigrund 19
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.
Skemmuvegi 48, brún gata
Stigalagerinn ehf.
Dalbrekku 26
Stimpill ehf
Akralind 9

Sýslumaðurinn í Kópavogi
Dalvegi 18
Uppdæling ehf.
Bakkabraut 2
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.
Hamraborg 11
Vélaleiga Auberts
Hlíðarhjálli 7
Vélsmiðjan Hamar
Hafnarbraut 13
www.mannval.is
Pósthólf 484

Garðabær

Ásgeir Einarsson ehf.
Garðafiöt 37
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Dýralækningar ehf.
Lyngási 18
Eðalvagnþjónustan ehf.
Hegranesi 23
Elektra ehf.
Lyngási 11
Garðablóm
Garðatorgi 3
High and mighty
Hrúsholti 13
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 3
Léttflutningar ehf
Suðurhrauni 2
Loftorka ehf.
Miðhrauni 10
Rásin sf.
Hegranesi 21
Studióbílar ehf.
Smiðsbúð 2
Vefur ehf.
Hagaflöt 2
VGI ehf
Austurhrauni 7
Vistor hf.
Hörgatúni 2
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5

Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf.
Hjallahrauni 4
Alexander Ólafsson ehf.
Hvaleyrarbraut 37
Áttan, snókerbar
Trönuhrauni 10
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Bifreiðaverkstæðið Bifróst
Melabraut 24
Bónusvideo ehf
Lækjargötu 2
Byggingafélagið Sandfell ehf
Reykjavíkurvegi 66
Fasteignasalan Hraunhamar ehf.
Bæjarhrauni 10
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Brekkutröð 1
Finpússning ehf.
Rauðhelli 13
Fjarðargrjót ehf
Furuhlíð 4
Fura ehf.
Hringhelli 3 box 491
G. P. Kranar ehf
Skútahrauni 2a
Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15
Hlaðbær Colas hf.
Hringhelli 6
Holtanesti
Melabraut 11

Hópbílar hf.
Melabraut 18
Hvalur hf.
Reykjav.veg 48 Box 233
Íslandsprent ehf
Steinhelli 10
KM Byggingar
Miðvangi 41
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
Námsflokkar Hafnarfjarðar-
Miðstöð Símenntunnar
Brekkuvegi 2
Nýsír hf.
Flatahrauni 5
Oddur bakari ehf
Furuvöllum 12
Raf-x ehf.
Hvaleyrarbr.29 Box 416
RB Rúm ehf.
Dalshrauni 8
Spennubreytar
Trönuhrauni 5
Sportarinn
Flatahrauni 5a
Steinsteypusögum ehf.
Stapahrauni 6
Suðurverk hf.
Drangahrauni 7
Suzuki umboðið ehf
Kaplahauni 1
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Bæjarhrauni 18
Trébygg - Sigfus Rúnar Eiríksson
-www.trebygg.is
Bæjarholti 1
Trégaugur ehf.
Suðurgötu 31
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Melabraut 23
Vélsmiðja Guðmundar
Íshelli 10
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27
www.smurning.is
Hjallahrauni 4

Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargerði 8
Bílasprautun Suðurnesja hf.
Smiðjuvöllum 6
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Eldvarnir ehf.
slökkvitækjaþjónusta Suðurnesja
Íðavöllum 3
Fagtré ehf.
Suðurgarði 5
Fiskverkun Básun
Efstaleiti 32
Frístund
Faxabraut 27
Gæfusmiðurinn ehf.
Heiðarvegi 6
Húsanes ehf.
Hafnargötu 20
Kaffi Duus ehf
Duusgötu 10
Malbikunarstöð Suðurnesja ehf
Hafnargötu 24
Matvöruverslunin Hólmgarður
Hólmgarði 2
Málverk sf.
Skólavegi 36
Nes Raf ehf.
Grófinni 18a
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
Olsen, Olsen
Hafnargötu 17

OSN Iagnir ehf.
Íðavöllum 4b
Pizza 67 - Keflavík
Hafnargötu 30
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Rekan ehf.
Íðavöllum 5b
Skipting ehf.
Grófinni 19
Smiðafélagið ehf
Grófinni 15
Smurstöð og hjólaþjónusta
Björns og Þórar
Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekiðstöðin Perlan
Vesturgata 21
Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargötu 12
Sýslumaðurinn í Keflavík
Vatnsnesvegi 33
Tjarnartorg ehf
Norðurvöllum 32
Traffic, sportbar
Hafnargötu 30
Trésmiðaverkstæði
Stefáns og Ara sf.
Brekkuvegur 38
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Vikurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14
Visir félag skipstjórnarmanna
á Suðurnesjum
Hafnargötu 90

Keflavíkurflugvöllur

Fagræsting ehf
Leifsstöð
Flugmálastjórn
á Keflavíkurflugvelli
Flugþjónustan,
Keflavíkurflugvelli
Suðurlug ehf.
Keflavíkurflugvelli

Grindavík

Martak ehf.
Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur
Hafnargötu 9
Smiðshöggúð ehf
Túngötu 16
Veitingahúsið Brim
Vikurbraut 29
Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12

Sandgerði

Flugfiskur hf.
Box 45
Málningarvinna Carls ehf
Vikurbraut 9b

Garður

Nesfiskur ehf.
Gerðavegi 32
Raflagnavinnustofa
Sigurðar Ingvarssonar
Heiðartúni 2
Raftýran sf.
Lyngbraut 1
Von ehf.
Skagabraut 42



Ólafur K. Ólafsson:

Nýskipun lögreglunnar

I Aðdragandi nýskipunar lögreglunnar 1. janúar 2007

Alþingi samþykkti 2. júní 2006 lög nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Lögin öðlast gildi 1. janúar 2007.

Frumvarpið, sem varð að lögum 46/2006, var samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á grundvelli hugmynda sem lengi hafa verið á döfnni meðal lögreglumanna og sýslumanna. Dóms- og kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason, beitti sér fyrir viðamiklu starfi til að undirbúa þær breytingar sem lágu að baki frumvarpinu og í því ferli var leitast við að kalla fram sjónarmið sem flestra.

Dómsmálaráðherra skipaði 4. nóvember 2003 verkefnisstjórn sem í sátu Stefán Eiríksson skrifstofustjóri, formaður, Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri og Skúli Magnússon héraðsdómari. Í skipunarbréfi hennar kemur fram að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að beita sér fyrir breytingum á umdæmaskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar, án þess að fækka sýslumönnum. Verkefnisstjórn fékk tvíþætt meginhlutverk, í fyrsta lagi að koma með hugmyndir að nýju skipulagi sem hefði að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til sýslumannsembættla væri varið og í öðru lagi að móta löggæsluáætlun til næstu ára. Jafnframt var verkefnisstjórninni



falið að meta reynslu af lögreglulögum og því skipulagi og verkaskiptingu sem þá kom til sögunnar.

Verkefnisstjórn skilaði ráðherra ítarlegri skýrslu í janúar 2005. Skýrslunni fylgdu hugmyndir og tillögur fjögurra sérfróðra manna um skipulag lögreglunnar.

Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var að vegna smæðar ættu mörg lögreglulið erftit

með að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Stærri umdæmi og sameining liða eflði styrk lögreglu og gerði henni betur kleift en ella að sinna erfiðum verkefnum. Lagði verkefnisstjórn til að flest lögregluumdæmi yrðu stækkuð til muna og þau yrðu fimm til sjö talsins. Væri þessi leið ekki fær ætti að stuðla að stóru aukinni samvinnu og samstarfi einstakra lögregluembættla.

Skýrsla verkefnisstjórnar vakti verulegar umræður meðal sýslumanna og lögreglumanna. Landssamband lögreglumanna fagnaði skýrslunni og tillögum, enda hafði landssambandið lengi barist fyrir því að ráðist yrði í stækkun lögregluumdæma. Sýslumannafélagið efndi til sérstaks félagsfundar um efni skýrslunnar og ályktaði um stækkun lögregluumdæma.

Í maí 2005 skipaði dómsmálaráðherra þriggja manna framkvæmdanefnd sem í sátu Stefán Eiríksson skrifstofustjóri, formaður, Kjartan Þorkelsson sýslumaður og Óskar Bjartmarz, þáverandi formaður Landssambands lögreglumanna. Nefndinni var falið að útfæra nánar tillögur verkefnisstjórnar í samræmi við niðurstöður umræðna um þær á vettvangi lögreglumanna og sýslumanna.

Framkvæmdanefndin skilaði tillögum um breytingar á skipulagi löggæslu í lok október 2005. Lagt var til að lögregluumdæmi í landinu yrðu fimmtán talsins, þar af sjö sem ábyrgð bæru á rannsókn og saksókn stórra og flókinnna mála.

Dómsmálaráðherra fól framkvæmdanefnd

inni að kynna tillögur sínar með því að efna til fundu um land allt með lögreglustjórum, lögreglumönnum og sveitarstjórnarmönnum þar sem hlustað væri eftir sjónarmiðum og viðhorfum heimamanna til þeirra. Nefndin efndi til fundu á sjö stöðum á landinu á tímabilinu 7.–17. nóvember 2005 og sóttu á fjórða hundrad manns fundina. Að lokinni fundalotunni skilaði nefndin ráðherra framhaldsskýrslu með nokkrum breytingum á upphaflegum tillögum sínum, í samræmi við athugasemdir og sjónarmið sem fram höfðu komið í framangreindu kynningarferli.

Hinn 3. janúar 2006 kynnti dómsmálaráðherra ríkisstjórn drög að ákvörðun sinni um nýskipan lögreglumála. Frumvarp til breytinga á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði var lagt fram á Alþingi 10. febrúar s.á.

Meginatriði frumvarpsins voru þessi:

Við embætti ríkislögreglustjóra starfi greiningerdeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggi mat á áhættu vegna hryðjuverka og af skipulagðri glæpastarfsemi.

Lögregluumdæmi í landinu verði 15 talsins.

Af þessum 15 embættum verði sérstakar rannsóknardeildir starfræktar við sjö embætti.

Lögreglustöðvum verði ekki lokað vegna breytinga á lögregluumdæmum.

Nýtt embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu taki við löggæsluverkefnum lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumanna í Hafnarfirði og Kópavogi.

Lögregluembættin tvö í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli verði sameinuð undir einni stjórn lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

Eins og fyrr segir varð frumvarpið að lögum 2. júní 2006, nr. 46/2006, sem öðlast gildi 1. janúar 2007.

II Verkefnisstjóri nýskipunar lögreglunnar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið birti fréttatilkynningu 16. júní sl. þar sem fram kom m.a. að dómsmálaráðherra hefði falið Ólafi K. Ólafssyni, sýslumanni Snæfellinga, að fylgja eftir framkvæmd þeirra víðtæku breytinga á skipulagi lögreglunnar og lögreglumála, sem felast í lögum nr. 46/2006, í samvinnu við ríkislögreglustjóra og í nánú samráði við lögreglustjóra, lögreglumenn, sýslumenn og sveitarstjórnir.

III Einstök verkefni

Starf verkefnisstjórans hefur verið mjög fjölbreytt og því fylgt mikil samskipti við fjölda einstaklinga og stofnana. Til að veita nokkra innsýn í það verður hér á eftir getið nokkurra verkefna og fjallað stuttlega um þau.



Af vettvangi

Flutningur og skipting fjárveitinga

Í fjárlagafrumvarpi hafa verið millifærðar fjárveitingar milli embætta til samræmis við lögreglulagabreytingar, þ.e. frá embættum, sem láta löggæslu af hendi, til embætta, sem taka við henni. Millifærslurnar grundvölluðust á fjárhagsgreiningu, sem m.a. byggðist á reikningstölum. Öll embættin fengu hana til umsagnar, þ.e. þau embætti sem löggæsla fluttist frá og þau, sem hún fluttist til. Fram undan er greining á uppsafnaðri fjárhagsstöðu í árslok 2006.

Samskipti við lögreglustjóra, Landssamband lögreglumanna og lögreglumenn

Á milli verkefnisstjórans og Landssambands lögreglumanna (LL) hefur tekist mjög traust og náð samstarf. Upphaf þess má rekja til fundar 10. ágúst 2006, sem verkefnisstjórnin boðaði með lögreglustjórum, sem taka við löggæslu 1. janúar 2007 og Landssambandi lögreglumanna. Á þeim fundi var ákveðið að verkefnisstjórnin og Landssamband lögreglumanna veittu þeim lögregluliðum, sem þess óskuðu, leiðbeiningar við gerð nýrra vaktkerfa og skipurita vegna sameiningar lögregluliða.

Í kjölfar fundarinnar 10. ágúst hófust fundir verkefnisstjórans, formanns LL, Sveins Ingibergs Magnússonar, og framkvæmdastjóra LL, Páls E. Winkel, með lögregluliðum. Nú hafa þessir fundir verið haldnir:

Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp 6. september með öllum lögregluliðum á Vestfjörðum.

Í Vík í Mýrdal 12. september með lögregluliðunum á Hvolsvelli og í Vík og lögreglustjóranum á Selfossi.

Á Akranesi 3. október með lögreglustjórum og yfirlögregluþjónum á Vesturlandi.

Á Akureyri 5. október með lögregluliðunum á Akureyri, Ólafsfirði og Siglufirði.

Á Egilsstöðum 12. október með lögregluliðunum á Seyðisfirði, Eskifirði og Höfn.

Lögreglan á Suðurnesjum kynnti áform sín á fundi í dómsmálaráðuneytinu 20. október

Í Borgarnesi 2. nóvember með lögregluliðunum í Borgarnesi og Búðardal.

Á Blönduósi 2. nóvember með lögregluliðunum á Blönduósi og á Sauðárkróki.

Á fundunum hefur verið miðlað upplýsingum til lögregluliða landsins um tilgang og markmið lögreglulagabreytinganna, fjallað um gerð skipurita og vaktkerfa, fjallað um réttindamál lögreglumanna, þar á meðal að skipun og skipunarkjör lögreglumanna breytist ekki þótt staða þeirra innan lögregluliðs kunnist að breytast með nýju skipuriti, gerð grein fyrir því að fjármunir, sem sparast vegna sameininga, haldast innan lögreglunnar, gerð grein fyrir því, að allir eigi að koma að mótun löggæslunnar, treyst tengsl undir- og yfirmanna lögregluliðanna, gerð grein fyrir hugmyndum um breytingar á ýmsum reglum og svarað fyrirspurnum um allt það er tengist lögreglulagabreytingunum.

Þá er rétta að geta þess hér að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í l. 46/2006 skipaði dómsmálaráðherra 23. ágúst sl. Ólafi K. Ólafsson sýslumann til að vera formann nefndar til ráðgjafar við stofnun nýs embætta á höfuðborgarsvæðinu og flutning starfsmanna til þess. Sú nefnd hefur nú haldið tíu fundi.

Reglur og reglugerðir

Vegna lögreglulagabreytinganna þarf ýmist að breyta reglugerðum og reglum eða semja nýjar. Hér er stuttlega getið þriggja:

Samkvæmt 6. gr. lögregluglaga, eins og henni var breytt með l. 46/2006, skal vaktskipulag og almenn löggæsla í lögregluumdæmum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná. Drög að þessum reglum hafa verið samin og send viðkomandi til umsagnar.

Gerð hafa verið drög að breytingum á reglugerð um starfsstig lögreglunnar nr. 49/2002. Lagt er m.a. til að afnema þann mismun, sem gerður er á lögregluliðum landsins eftir stærð þeirra í 14. gr. reglugerðarinnar, þannig að öll lögreglulið landsins sitji við sama borð þegar kemur að því að ákveða stöður yfirmanna. Til að tryggja, að minni lögregluliðin beri ekki skarðan hlut frá borði, eru skilgreiningar á verkefnum og ábyrgðarsviði einstakra starfsstiga gerðar ítarlegri. Drög hafa verið send viðkomandi til umsagnar.

Samkvæmt 8. gr. lögregluglaga, eins og henni var breytt með l. 46/2006, verða starfræktar rannsóknardeildir við sjö tilgreind lögregluembætti. Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum. Önnur brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr. lögregluglaga. Jafnframt setur ráðherra reglur um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttáð, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögrelustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og um rannsóknaraðstoð.

Um þessar rannsóknardeildir segir í athugasemdum með frumvarpi laganna að með því að færa rannsóknir stærri og flóknari mála í hendur færri rannsóknardeilda skapist meiri og betri möguleikar til að byggja upp nauðsynlega þekkingu og sérhæfingu á sviði rannsókna sakamála og efla þannig og styrkja rannsókn-

arþáttinn í starfsemi lögreglunnar. Einnig segir í athugasemdunum að eðlilegt þyki að í reglum um rannsóknardeildir verði við það miðað að brot á borð við manndráp, kynferðisbrot, alvarlegar líkamsárásir, alvarleg fikniefnabrot og alvarleg auðgunarbrott skuli rannsaka hjá rannsóknardeildum, svo og önnur alvarleg hegningarlagabrot og sérefsilagabrot sem kalla á þekkingu og/eða sérhæfingu.

Af þessu má ljóst vera að þrengja á nálaraugað fyrir þau mál, sem koma til kasta rannsóknardeildanna, og miða við hin stærri og flóknari mál, sem krefjast þekkingar og sérhæfingar umfram það, sem ætlast má til af vel menntuðum lögreglumanni. Unnið er að gerð reglnanna.

Árangursstjórnarsamningar

Í skýrslu verkefnisstjórnar, frá því í janúar 2005, er ítarlega fjallað um árangursstjórnarsamninga og nauðsyn þess að gera slíkan samning annars vegar á milli dómsmálaráðuneytis og ríkislögrelustjóra og hins vegar á milli hans og einstakra lögrelustjóra. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti 9. ágúst 2006 að Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður kæmi tímabundið til starfa hjá embætti ríkislögrelustjóra. Meðal verkefna hennar er gerð árangursstjórnarsamninga. Hefur hún, ásamt verkefnisstjóranum og fleirum, unnið að gerð slíks samnings.

Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu um stjórn-sýsluúttekt á embætti ríkislögrelustjórans í október sl. Þar er lagt til að embætti ríkislögrelustjóra verði falin frekari verkefni á sviði stjórnsýslu og nefnt í því sambandi gerð samninga við lögregluembættin um árangursstjórnun. Ríkisendurskoðun telur að frumkvæðis- og þróunarstarf og rannsóknir embættis ríkislögrelustjóra og annarra embætta á undanförmum árum, svo sem viðamikil söfnun upplýsinga um afbrot og afbrotatöflræði, hafi skapað forsend-

ur til að halda áfram þróun árangursstjórnarsamninga innan lögreglunnar.

IV

Ríkislögrelustjórnin

Með bréfi dags. 6. júlí 2006, skipaði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra starfshóp, sem ætlað var það hlutverk að semja tillögur til ráðuneytisins um útfærslu á ákvæðum nýsamþyktra ákvæða lögregluglaga um greiningardeildir. Starfshópurinn skipaðu Haraldur Jóhannessen ríkislögrelustjóri sem jafnframt var formaður hópsins, Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður, Stefán Eiríksson lögrelustjóri, Jóhann R. Benediktsson sýslumaður, Arnar Jensson aðstoðaryfirlögreluþjónn og Hólmsteinn Gauti Sigurðsson lögfræðingur, sem jafnframt var ritari hópsins.

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum 5. október 2006 og var sammála um mikilvægi þess að skipulag verði allt undir einni greiningardeild, greiningardeild ríkislögrelustjórans. Jafnframt var starfshópurinn sammála um að ákvæðnir verkþættir yrðu hjá lögrelustjóra höfuðborgarsvæðisins og lögrelustjóranum á Suðurnesjum, að tilnefndir yrðu sérstakir tengiliðir annarra lögrelustjóraembætta við greiningardeild ríkislögrelustjórans. Tillögur starfshópsins voru samþykktar í ríkisstjórn 6. október 2006. Breytt skipan öryggismála, sbr. m.a. tillögur starfshópsins, nýskipan lögreglunnar, sbr. lög 46/2006, og árangursstjórnarsamningar leidda til þess, að breytingar verða á embætti ríkislögrelustjórans. Unnið er að þeim breytingum.

Höfundur er sýslumaður Snæfellinga.

Þegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com



Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Njarðvík

ÁÁ Verktakar ehf.
Starmóa 13
Bilahúsið.is - I.H. söluumboð
Holtsgötu 52
Bílar og hjól ehf
Njarðarbraut 11d
Bílbót sf.
Bolaæti 3
Fitjavík ehf
Fitjum
Nýtt hús ehf
Seylubraut 1
R.H.innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radióvík ehf.
Brekkestíg 14
Ragnar Halldórsson / R. H. Innréttingar
Stapapabraut 1
Renniverkstæði
Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c
Stapinn
Njarðvík
ESSE ehf
Stekkjargötu 51

Mosfellsbær

Aftak ehf
Völuteigi 1
Burkney ehf
Klapparhlíð 16
Byggingafélagið Timburmenn
Esumel 7
Byggingarfélagið Baula ehf.
Arkarholti 19
Glertækni ehf.
Grænumýri 3
Hjólbarðaverkstæðið Bæjardekk ehf.
Langatanga 1a
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Pizzabær ehf.
Kjarna, Þverholti 2
Reykjalundur, plastiðnaður
Reykjalundi
Skandall ehf
Súluhöfða 4
Veðiöld ehf.
Flugumýri 8

Akranes

B.Ó.B. sf.vinnuvélar
Kalmansvöllum 3
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Bílaröst ehf.
Kalmansvöllum 3
Bilver ehf.
Akursbraut 11
GT tækni ehf
Grundartanga
Norðanfiskur ehf
Vesturgötu 5
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Krókatúni 9
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Smellinn hf.
Höfðaseli 2
Smurstöðin Akranesi sf.
Smíðjuvöllum 2
Spölu ehf.
Mánabraut 20
Stoðji ehf.
Vogabraut 28
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stílholti 16-18

Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Smíðjuvöllum 6

Borgarnes

Bilasala Vesturlands sf.
Sólbakka 2
Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
Geirabakarí
Sólbakka 11
JG vélar sf
Kveldúlfsgötu 18
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Sparisjóður Mýrasýslu
Digranesgötu 2
Tak-Malbik ehf
Engjaási 1
Velverk ehf
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
Völundur Sigurbjörnsson
Kviaholti 12

Stykkishólmur

Ásklif ehf.
Hjallatanga 6
Narfeyri ehf.
Ásklifi 10
Þ.B. Borg - steypustöð ehf
Silfurögðu 36

Grundarfjörður

Góð mál ehf.
Grundargötu 18
Sægarpur ehf
Sæbóli 34

Ólafsvík

Grímsi ehf.
Hjallabrekku 5

Hellissandur

Esjar ehf
Hraunhálsi 13
Hjallasandur ehf.
Helluhóli 3
Skarðsvík hf
Munaðarhóli 10
Snævélar ehf
Laufási 1
Þorgeir Árnason ehf.
Háarifi 27 Rífi

Búðardalur

Arnarklettur ehf
Dalbraut 10
Kolur hf.
Reykholm
Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

Ísafjörður

Café Langi Mangi
Aðalstræti 22
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Hafnarstræti 6
Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7
Heiðarfell ehf
Suðurtanga 6
KNH ehf.
Grænagarði

Mjólkursamlag Ísfirðinga
Sindragötu 2
Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1
Póllinn hf.
Aðalstræti 9-11
Vinaminni
Austurvegi 1

Bolungarvík

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Aðalstræti 12
Útgerðarfélagið Ós ehf.
Hjallastræti 19

Flateyri

Úlfar ehf.
Drafnargötu 2

Patreksfjörður

Smáalind ehf
Aðalstræti 5

Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmíðja
Strandgötu 37
Þórsberg ehf.
Pósthólf 90

Þingeyri

Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14

Brú

S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri

Hólmavík

Sýslumaðurinn á Hólmavík
Hafnarbraut 25
Hvammstangi

Aðaltak sf
Höfðabraut 11
BBH útgerð ehf
Melavegi 9

Blönduós

Lagnaverk ehf
Melabraut 21
Lögmannsstofa Stefáns Ólafs ehf.
Þverbraut 1
Stígandi ehf.
Húnabraut 29
Vilkó ehf.
Ægisbraut 1

Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
Króksverk ehf.

Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Ræsting og Bón ehf.
Viðihlíð 4
Sparisjóður Skagafjarðar
Ártorgi 1
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1
Verzlun Haraldar Júlíussonar
Aðalgötu 22

Varmahlíð

Múli ehf
Miðstíju

Siglufljörður

Allinn ehf- sportbar
Þormóðsgötu 11-15
Byggingafélagið Berg ehf.
Norðurgötu 16
Egillssild ehf.
Gránugötu 27
Norðurfrakt
Tjarnargata 16
Sparisjóður Siglufljarða
Túngötu 3

Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Arnarfell ehf. verktakar
Sjafnamesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bakaríð við Brúna
Gleráreyrum 2
Bifreiðastöð Oddeyrar
Strandgata
Blikk og tækniþjónustan hf.
Kaldbaksgötu 2
Bónstöð Norðurlands
Njarðarnesi 1
Brauðgerð Axels ehf.
Tryggvabraut 22
Byggingarfélagið Hyma
Gleráreyrum 2
Bæjarverk hf.
Óseyri 20
Dregg ehf.
Oddeyrartanga
Ekill ehf
Holtateigi 19
Gersemi Þróstur ehf. Bláa kannan
Hafnarstræti 96
Girðir ehf.
Gleráreyrum 2
Greifinn
Glerárgötu 20
Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
Húsílar ehf.
Njarðarnesi 2
Höldur ehf. - Bílaleiga Akureyrar
Tryggvabraut 12
Kaffi Torg
Glerártorgi
Kjarnafæði hf.
Fjölinsgötu 1b
Kollgáta ehf
Kaupvangsstræti 29
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofan Lögmannshlið
Ráðhústorgi 3
Malbikun KM
Flögusiðu 2



Lögregluskólamót Norrænu sakamála- bókarinnar 2005



Af einhverjum ástæðum hefur gleymst að segja frá mótinu 2005 í blaðinu en úr því er bætt hér með. Mótið var haldið 23. apríl 2005 í Danmörku. Voru það Danska lögregluþróttasambandið og lögregluskólinn þar í landi sem héldu utan um mótshaldið.

Keppendur frá Íslandi voru:

Ásmundur Jónsson
Eiríkur Stefán Einarsson
Jóhannes Þórhallsson
Jón Kristinn Þórssón
Sigfús Benóný Harðarson
Inga Birna Erlingsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir
María Pálsdóttir

Keppnisgreinar í fimmtarþraut eru: Skambbyssuskot (dúel) 25 m., sund, frjáls aðferð, karlar 200 m, konur 100 m. langstökk, kúlurvarp og endar síðan á 2.000 m hlaupi kvenna og 3.000 m hlaupi karla. Þar er ræst eftir stigum

úr fyrri greinum.

Undirbúningur okkar fyrir mótið var minni en til stóð þar sem keppendur voru allir á vöktum og meira og minna uppteknir í vinnu. Því varð misjafnt hvað keppendur gátu mætt á skipulagðar æfingar.

Lagt var af stað fimmtudaginn 21. apríl og vorum við komin til Karlslunde Strand Fercenter, þar sem við dvöldum, síðla dags. Þar var aðbúnaður með ágætum og fæðið sérstaklega gott. Ekki var neitt á dagskrá þennan dag þar sem liðin voru að koma hvert af öðru. Norðmenn voru þó ekki með lið að þessu sinni vegna einhvers ágreinings. Voru keppnisliðin því aðeins fjögur. Á föstudeginum voru léttar æfingar, skoðunar- og kynnisferðir um Kaupmannahöfn. Danska liðið hittum við ekki fyrr en á keppnisdegi þar sem liðsmenn voru uppteknir í verkefnum. Laugardaginn 23. apríl hófst keppnin á skotkeppninni snemma morguns. Þar

sigraði okkar maður Eiríkur Stefán Einarsson í karlakeppninni. Rak síðan hver greinin aðra og endaði síðan á hlaupinu þegar langt var liðið á daginn og keppendur farnir að þreytast.

Veður var mjög gott meðan mótið fór fram og mótshald gekk þökkalega þrátt fyrir talsverða bið milli greina og vandamál með útreikninga fyrir lokagreinina.

Allir höfðu þó gaman af þótt ekki væru allir sáttir við sinn árangur.

Svíar sigruðu í liðakeppni í bæði karla- og kvennaflokki og áttu einnig fyrstu menn í einstaklingskeppni.

Lokahófið fór síðan fram á veitingastað í Tívoli þar sem allir skemmtu sér konunglega á danska vísu.

Aðalsteinn Bernharðsson
Óskar Sigurpálsson

Landsmót lögreglumanna í golfi 2006

Mótið fór fram sunnudaginn 27. ágúst sl. og var leikið á Hólmsvelli í Leiru. Mótið var haldið af Íþróttadeild Lögreglufélags Gullbringusýslu. Alls tóku 30 þátttakendur þátt í mótinu og voru keppendur í öllum flokkum.

Mótið fór fram í góðu veðri og var völlurinn í mjög góðu standi og ekki hægt að kenna honum um slæmt skor á mótinu. En eins og hann vinur minn Hjálmar Hallgrímsson segir alltaf þegar hann hittir ekki boltann: „Það er ekki ég sem slæ illa heldur kylfurnar mínar.“ Allir fóru svo ánægðir heim eftir að hafa borðað mjög góðan mat í lokahófi mótsins.

Þó nokkur spennan var í öllum flokkum en úrslit voru þessi:

A flokkur (förgjöf 0-14,4)

Höggleikur án forgjafar

1. sæti Húnbogi Jóhannsson Andersen 76 högg
2. sæti Annel Þorkelsson 78 högg
3. sæti Óskar Halldórsson 79 högg

Höggleikur með forgjöf

1. sæti Friðrik Kristján Jónsson 75 högg
2. sæti Vignir Elísson 76 högg
3. sæti Jóhannes Snævar Harðarson 76 högg

B flokkur (förgjöf (14,5-28,4)

Höggleikur án forgjafar

1. sæti Sigvaldi Arnar Lárusson 93 högg
2. sæti Skúli Jónsson 108 högg
3. sæti Haukur Ásmundsson 111 högg

Höggleikur með forgjöf

1. sæti Gunnar Þórarinnsson 76 högg



Liðsmenn Keflavíkurflugvallar sem sigruðu í sveitakeppninni. Frá vinstri, Friðrik K. Jónsson, Óskar Halldórsson og Annel Þorkelsson

C flokkur (förgjöf 28,5+)

Höggleikur án forgjafar

1. sæti Oddur Ólafsson 137 högg

Óldungaflokkur 50 ára og eldri

Höggleikur án forgjafar

1. sæti Guðlaugur Gíslason 86 högg
2. sæti Sigurður Benjamínsson 90 högg
3. sæti Óskar Þór Sigurðsson 92 högg

Höggleikur með forgjöf

1. sæti Rúnar Sigurðsson 87 högg
2. sæti Arnar Már Guðmundsson 90 högg
3. sæti Bjarnþór Aðalsteinsson 93 högg

Heldrimenn 65 ára og eldri

Höggleikur með forgjöf

1. sæti Þorsteinn Steingrímsson 80 högg

Sveitakeppni

1. sæti A-sveit Keflavíkurflugvallar 239 högg. Sveitin var skipuð Annel Jóni Þorkels-



Frá vinstri Óskar Halldórsson, Húnbogi og Annel Þorkelsson.

syni, Óskari Halldórssyni og Friðriki Kristjáni Jónssyni.

2. sæti A-sveit Reykjavíkur 260 högg. Sveitin var skipuð Herði Sigurðssyni, Húnboga Jóhannssyni Andersen og Sigurði Benjamínssyni.

3. sæti Sveit Keflavíkur 262 högg. Sveitin var skipuð Ásgeiri Eiríkssyni, Gunnari Björnssyni og Vigni Elíssyni.

Eftir afhendingu verðlauna tilkynnti Óskar Bjartmarz að sameinað lögreglulið höfuðborgarsvæðisins myndi halda Landsmót lögreglumanna á næsta ári.

Undirritaður vill þakka þeim sem tóku þátt í mótinu fyrir skemmtilegt og ánægjulegt mót. F.h íþróttadeildar Lögreglufélags Gullbringusýslu

Vignir Elísson



Mótalisti:

Landsmót:	Umsjón/mótsstaður	dags.
Landsmót í innanhússknattspyrnu	Akureyri	
Golf	Höfuðborgarsvæðið	
Öldungamót innanhússkn.	Ísafjörður	
Skotfimi		
Norðurlandamót:		
Knattspyrna	Danmörk	júní
Evrópumót:		
Judo	Rússland/Moskva	mars – apríl
Skotfimi	Frakkland	ágúst – september
Önnur mót:		
Löggluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar	Noregur	maí
Innanhússknattspyrnumót Norrænu sakamálabókarinnar	Finnland	október



Guðlaugur Gíslason sem sigraði í Öldungaflokki án forgjafar ásamt Vigni.

Friðrik K. Jónsson sem sigraði í A flokki með forgjöf ásamt Vigni.



Húnbogi Jóhannsson Andersen sem sigraði í A flokki án forgjafar. Hann er ásamt Vigni Elíssyni sem sá um móts-haldið.

FRÁBÆR DEKK ENN BETRA VERÐ

Starfsmenn lögreglunnar fá 20% afslátt af þjónustu hjá Nesdekk.

TOYO TIRES



HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA HJÓLBARÐAGEYMSLA



SMURSTÖÐ



BFGoodrich
TAKE CONTROL

SÍMI: 561 4110

Við geymum fyrir þig dekkinn!

NESDEKK
Suðurströnd 4



Öldungamót ÍSL innanhússknattspyrna 2006 „Sveinsmótið“

◆ Þetta eru bæði liðin, Reykjavík sem sigraði á mótinu 1976 og lið Hafnfirðinga sem voru gestgjafar.

Í ár eru 30 ár liðin frá því að fyrsta knattspyrnu-mót lögreglumanna var haldið. Var mótið haldið í Hafnarfirði að tilstuðlan þeirra lögreglumanna sem þá störfuðu í liðinu, þeirra á meðal Sveins Björnssonar, fyrrv. yfirlögregluþjóns í rannsókn-ardeild og listmálara.

Það fór því vel á því að Lögreglufélag Hafnarfjarðar hafði veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd mótsins í ár. Var mótið í ár kennt við Svein Björnsson og kallað „Sveinsmótið“. Um var að ræða hið svokallaða öldungamót. Skráning fór vel af stað og þótti ljóst að gríðarlegur áhugi var strax til staðar hjá mönnum alls staðar að á landinu. Því miður fór það svo að lið Austurlands og lið Siglufjarðar urðu að draga skráningu sína til baka, en koma vonandi sterkir til leiks á næsta mót. Það voru því átta lið sem skráðu sig til endanlegrar keppni. Liðin voru Hafnarfjörður, Reykjavík, Reykjavík 2, Keflavík, Keflavíkurflogvöllur, RLS, Akureyri og Ísafjörður.

Þegar að mótinu kom sáu veðurguðirnir til þess að lið Ísafjarðar átti ekki heimangengt og þurftu þeir að snúa við vegna veðurs. Voru því góð ráð dýr og var smalað í lið yngri leikmanna úr Hafnarfirði og Kópavogi til að fylla upp í skarðið en

liðið tók þátt í mótinu sem gestalið. Með liðinu lék þó einn leikmanna Ísafjarðar sem staddur var sunnan heiða á námskeiði í Lögregluskólanum. Í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá fyrsta mótinu þótti við hæfi að kalla saman lið Hafnarfjarðar og Reykjavíkur sem léku til úrslita í fyrsta mótinu. Hafði þá lið Reykjavíkur sigur. Til leiks mættu menn fullir áhuga enda var það ákveðið meðal Hafnfirðinganna að hefna þyrfti úrslitanna frá 1976. Fóru leikar svo að Hafnarfjörður sigraði í þessum heiðursleik, 2-0. Voru það Garðar og Eðvarð sem skoruðu mörkin. Það skemmdi þó mikið fyrir undir lok leiksins er Garðar Kristjánsson markaskorari meiddist illa. Menn voru þó almennt sáttir við endurfundinn. Mótið í ár fór vel fram í góðu íþróttahúsi, „Mýrinni“, í Garðabæ. Er þar öll aðstaða til fyrirmyndar, góður salur, sundlaug og heitur pottur. Húsvörðurinn var svo sjálfur Kristján Hilmars-son sem um árabíl hefur starfað í lögreglunni, en lét þó af störfum til að taka við rekstri hússins. Fyrirkomulag mótsins í ár var með þeim hætti að allir fengu að leika gegn öllum. Þótti þetta fyrirkomulag takast vel, þó svo að menn væru vel lúnir að leik loknum. Var því slakað vel á í heitum potti og íþróttadrykkir teygjaðir af bestu lyst, Leppin!

Fóru leikar þannig í ár að lið Reykjavíkur sigraði í öllum sínum leikjum. Í öðru sæti hafnaði lið ríkislögreglustjórans en í því þriðja lið Akureyr-ar. Gestaliðið átti góða spretti og veitti „öldung-unum“ harða keppni en liðið taldi ekki inn í sæti að loknu móti.

Markahæsti leikmaðurinn var Björn Bjartmarz sem kannski þarf ekki að koma svo á óvart. Björn skoraði hvorki fleiri né færri en 28 mörk í sjö leikjum, þarf af 11 mörk í einum og sama leiknum, samherjum sínum til mikillar gleði.

Að þessu sinni voru verðlaun ekki veitt fyrir besta leikmanninn en í staðinn voru verðlaun veitt fyrir „Bestu tilþríf“. Þótti við hæfi að veita þau „elsta“ liði Hafnarfjarðar fyrir frábær tilþríf í „Heiðursleiknum“.

Elsti leikmaður mótsins að þessu sinni, fyrir utan „Heiðursleikinn“, var Sigurður Benjamínsson og fékk hann fallega ræðu Kristjáns Freys Geirssonar (Krissa) í verðlaun.

Lokahófið var haldið á veitingastaðnum Skútunni í Hafnarfirði þar sem boðið var upp á veglegt steikarhlaðborð sem óhætt er að segja að hafi engan svikið.

Að loknu hófi héldu menn í ýmsar áttir eins og við mátti búast.

Jón Gunnar Sigurgeirsson



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Plastás ehf.
Óseyri 4
Raf - Óseyri ehf.
Óseyri 6
Rafmenn ehf.
Fjölísigötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
S.S. byggir ehf.
Njarðarnes 14
Samherji hf.
Glerárgötu 30
SJ Bald ehf.
Grytubakka 1
Sparisjóður Norðlendinga
Skipagötu 9
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tréborg ehf.
Njarðarnes 6
Trévis ehf.
Höfðahlíð 11
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Vaxtaræktin ehf -Ípóttahöllinni
v/ Skólástíg
Videobarinn ehf.
Sunnuhlíð 12
Þekking hf.
Hafnarstræti 91-95

Dalvík

Ævar og Bóas sf.
Sandskeiði 14

Húsavík

Alli Geira hf.
Norðurgarði 4
Eðalbrauð Heimabakarí
Garðarsbraut 15
G.P.G. fiskverkun ehf.
Suðurgarðar
Höfðavélar ehf.
Höfða 24c
Steinsteypir ehf.
Hafralæk II
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Vikurraf ehf.
Héðinsbraut 4

Kópasker

Silfurstjarnan hf.
Núpsmýri
Raufarhöfn

Þórshöfn

B.J. Vinnuvélar ehf.
Hálsvegi 2

Bakkafjörður

Hraungerði ehf.
Hraunstíg 1

Vopnafjörður

ES-vinnuvélar ehf.
Skógum 1
Verktakafyrirtækið Ljósaland hf.
Háholti 3

Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Ársverk ehf.
Mánatröð 4
Betri flutningar ehf.
Miðási 21
Bilaverkstæði Borgþórs ehf.
Miðási 2
Eskfirðingur hf.
Furuvellir 4
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Grænafell ehf, kranapjónusta
Miðási 11
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Malarvinnslan hf.
Miðási 11
Myllan hf.
Miðási 12
Snarvirki hf.
Kaupvangi 23b
Trésmiðja Guðna
Þórarinnssonar
Mással
Verzlunarmannafélag
Austurlands
Miðvangi 2-4
Ökuskóli austurlands
Háafelli 4a

Seyðisfjörður

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsögötu 7

Reyðarfjörður

Trévangur hf.
Búðareyri 15

Eskifjörður

Bilaverkstæði Ásbjörns
Strandgötu 14
Tandrabergh ehf.
Hafnargötu 24

Neskaupstaður

G.T. ehf - Verzlunin Vík
Egilsbraut 6
Léttir hf.
Miðstræti 25

Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grimseyri 11

Djúpivogur

Djúp ehf.
Borgarlandi 9
Salar Islandica ehf.
Bakka 1

Höfn

Bílverk
Vikurbraut 4
Hornabrauð ehf.
Dalbraut 10
Kaffi Hornið ehf.
Hafnarbraut 42
Mikael ehf.
Norðurbraut 7
Rósaberg ehf.
Háhóli
Skeggey ehf.
Miðási 17
Sýslumaðurinn
á Höfn í Hornarfirði
Hafnarbraut 36

Selfoss

Bilapjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Byggingafélagið Laski ehf.
Bakkatjörn 7
Dýralæknapjónusta Suðurlands ehf.
Stuðlum
Fasteignasalan Bakki ehf.
Sigtúni 2
Hitaveita frambæja
Skarði
Holræsa- og stíflupjónusta
Suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Litla kaffistofan ehf.
Meindýravarnir Suðurlands ehf.

Gagnheiði 59
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Nesós ehf.
Fossvegi 4
Rafmagnsverkstæði
Jens og Róberts
Laugarás 1
Raföld ehf.
Grásteini Ölfusi
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
Set ehf.
Eyravegi 41
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55
Tölvutak ehf.
Eyrarvegi 27
Verktækni ehf.
Fagurgerði 2b

Hveragerði

Bilaverkstæði Jóhanns Garðarssonar
Austurmörk 13

Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6

Humarvinnslan hf.
Unubakka 42-44
Steinsteypusögün Snæfjelds ehf.
Egilsbraut 10

Stokkseyri

Kumbaravogur ehf.
Kumbaravogi

Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísaholti 11

Flúðir

Ánalda húsið Steðji
Smíðjustíg 2
Flúðafiskur
Borgarási
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfufutækni ehf.
Smíðjustíg 2

Hella

Heflun ehf. Verktakapjónusta
Lyngholti
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar
Lyngás 5

Hvolsvöllur

Eining sf
Gaularási

Vík

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal
Ránarbraut 1

Vestmannaeyjar

Eyjavík ehf.
Vestmannabraut 23
Frár ehf.
Hásteinsvegi 49
Gæfa ehf.
Illugagötu 7
Reynistaður ehf.
Vesturvegi 10
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3
Tölvun ehf.
Strandvegi 54
Vélaverkstæðið Þór hf.
Norðursundi 9
Vöruval ehf.
Vesturvegi 18



Í takt við tímann

Fyrstu formlegu afskipti yfirvalda í Reykjavík af stöðu hrossa og vagna má rekja til ársins **1880** en fyrsti bílinn kom til landsins **1904**.

1919 var farið að leggja gjöld á bílastæði bæjarins.

1935 voru settar almennar takmarkanir á leyfilegan hámarkstíma stöðu bifreiða við nokkrar götur.

1957 voru fyrstu stöðumælarnir settir upp í Reykjavík til að stýra notkun bílastæða.

1988 hóf Reykjavíkurborg sérstakt eftirlit með bifreiðastöðum á gangstéttum og víðar.

2006

- eru liðlega 1200 stæði í sjö bílahúsum, 2000 við stöðu- og miðamæla og eitt nýtt bílahús er í undirbúningi,
- eftirlit tekið upp á einkalóðum með notkun bílastæða fyrir hreyfihamlaða,
- aukið samráð við íbúa um fjölgun gjaldskyldra bílastæða í íbúðargötum,
- aukið samráð við fyrirtæki og stofnanir með stýringu á notkun bílastæða á einkalóðum,
- unnt að greiða fyrir bílastæði með GSM-símum,
- – og fleiri nýjungar á döfinni.



Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

... svo í borg sé leggjandi